



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Ævisaga guðlegs Claudiusar eftir
Suetonius**

Íslensk þýðing ásamt inngangi og skýringum

Ritgerð til B.A.-prófs

Ingibjörg Elsa Turchi

Maí 2012

**Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Latína**

**Ævisaga guðlegs Claudiusar eftir
Suetonius**

Íslensk þýðing ásamt inngangi og skýringum

Ritgerð til B.A.-prófs

Ingibjörg Elsa Turchi

Kt.: 211188-3089

Leiðbeinandi: Svavar Hrafn Svavarsson

Maí 2012

Ágrip

Hér birtist í íslenskri þýðingu 5. bók úr verki latneska ævisagnaritarans Gaiusar Suetoniusar Tranquillusar, *De Vita Caesarum*, um keisarann Claudius sem ríkti í Róm frá 41-54, ásamt inngangi og skýringum. Þær miða að því að greina ítarlega frá atriðum sem fram koma í kaflanum og eru ekki augljós. Ævisagan er þýdd í heild sinni. Í innganginum er fjallað um höfundinn og verk hans, uppbyggingu verksins og málfar, ævisögur fornaldar og Claudius sjálfan.

Efnisyfirlit:

Inngangur

Líf og verk Suetoniusar	bls. 3
Uppbygging <i>De Vita Caesarum</i>	bls. 6
Ævisögur fornaldar: Suetonius og Plutarchos	bls. 8
Claudius	bls. 9
Stíll Suetoniusar og áhrif hans á síðari tíma	bls. 11
Um þýðinguna	bls. 13
Ævisaga guðlegs Claudiusar	bls. 14
Heimildaskrá	bls. 45

Inngangur

Líf og verk Suetoniusar

Lítið er vitað um Gaius Suetonius Tranquillus. Ekki eru öruggar heimildir til um fæðingar- og dánardag hans en getið hefur verið til um ártölin 75-160 eða 69-141 okkar tímatafs. Einnig er fæðingarstaður hans óviss en það gæti hafa verið annað hvort í N-Afríku eða Róm. Í ævisögu keisarans Otho kemur fram að faðir hans, Suetonius Laetus, hafði verið alþýðuforingi yfir 13. herdeild, *Gemina*, og barðist í orustunni við Betriacum. Bréf Pliniusar yngri varpa skýru ljósi á seinni hluta ævi hans, en þau ná yfir árin 96-112.¹ Suetonius var náinn vinur hans og fór með honum til Bithyniu árið 110 í fylgdarliði, þar sem Plinius var skattlandsstjóri. Fjögur þessara bréfa eru stíluð beint til Suetoniusar en í þremur öðrum er vísað til hans. Í einu bréfinu kemur fram að hann hafi starfað sem málafærslumaður, sem hann virðist ekki hafa verið hæfur til, en þar kemur fram að eitt sinn hafi hann dreymt að hann myndi tapa einhverju máli, svo hann bað Plinius um að fresta því. Ekki virðist hann heldur hafa haft meiri áhuga á opinberum ferli og starfsframa á þeim vettvangi, þar sem hann bað Plinius um að veita ættingja hans trúbúnsvaldið sem hann hafði áður gefið honum. Í einu bréfinu hvetur Plinius hann til að gefa út einhver verka sinna en tekur ekki fram hver þau eru. Í bréfaskiptum Pliniusar við Trajanus biður hann keisarann um að veita Suetoniusi *ius trium liberorum* en það voru forréttindi þeirra sem áttu þrjú börn eða fleiri.

Suetonius gegndi embættum bókmenntaráðgjafa, skjalavarðar og aðalritara í hirð Hadrianusar keisara, en síðastnefndu stöðuna átti hann Septiciusi Clarusi að þakka, sem var yfirmaður í lífvarðasveit keisarans árin 119-121. Voru þeir báðir sviptir embættum sínum fyrir að hafa komið fram af óvirðingu við Sabinu, eiginkonu Hadrianusar, í fjarveru hans í Britanníu. Eftir þetta helgaði hann sig bókmenntaskrifum og ekki er vitað neitt frekar um hann, nema í ævisögu Titusar keisara kemur fram að hann hafi líklega enn verið að skrifa eftir árið 130.²

¹ Rolfe (1935): x.

² Edwards (2000): viii.

Hann samdi verk á ýmsum sviðum: sagnfræði (ævisagnarit), fornfræði, náttúrufræði og málfræði og þau má flokka á þennan hátt:

Ævisögur og sagnfræðirit

1. Um líf keisaranna (*De Vita Caesarum*)
2. Um líf frægra manna (á bókmenntasviðinu). (*De Viris Illustribus*). Því verki tilheyrir:
 - a) Um líf frægra málfræðinga (*De Illustribus Grammaticis*)
 - b) Um líf frægra ræðumanna (*De Claris Rhetoribus*)
 - c) Um líf sagnaritara (*De historicis*)
 - d) Um líf skálda (*De poetis*)
3. Um líf frægra gleðikvenna
4. Um konunga

Fornfræðirit:

1. Um Róm
 - a) Siðir og venjur
 - b) Hið rómverska ár
 - c) Hinar rómversku hátíðir
 - d) Rómverskur klæðnaður
2. Leikir Grikkjanna (*Peri ton par' Hellesti paidion*)
3. Um opinber embætti
4. Um *De Re Publica* Ciceros

Náttúrufræðirit

1. Um líkamlega lesti mannkyns
2. Um tímatalið
3. Um náttúruna

Málfræðirit

1. Um grísk blótsyrði (*Peri blasphemion*)
2. Um málfræðileg vandkvæði (*De Rebus Variis*)
3. Um notkun greinarmerkja í bókum

Margra verkanna er getið í Suda, býsantísku alfræðiorðabókinni frá 10. öld og í öðrum verkum, en þó ber að hafa í huga að titlar gætu hafa víxlast og ekki er alveg víst að þau séu öll eftir Suetonius.

De Viris Illustribus, sem var fyrsta ævisöguverk Suetoniusar, hefur aðeins varðveist í brotum.³ Því verki er skipt upp í nokkra kafla og er umfjöllunin um fræga málfræðinga að mestu leyti heil. Í sama handriti er hluti úr bókinni um fræga mælskumenn varðveittur. Úr bókinni um skáldin hafa ævisögur Terentiusar, Virgils, Hórasar og Lucanusar varðveist. Brotakenndar ævisögur einstaka ræðumanns og einstaka sagnaritara er enn til.⁴

De Vita Caesarum er eina verkið sem hefur varðveist nánast alveg í heild sinni. Það var gefið út, í það minnsta að hluta til, þegar Suetonius starfaði hjá Hadrianusi og líklegast er að það hafi verið á árunum á milli 119-122. Verkið samanstendur af ævisögum tólf keisara, frá Caesari til Domitianusar. Þar sem Suetonius starfaði við hirðina fann hann meginhluta þeirra upplýsinga sem hann þurfti í frásögnum sem ritaðar voru á fyrstu öld. Hann fann aukaefni í bæklingum, og í tilfalli Claudiusar, úr einkasafni hans sjálfs. Hann studdist af og til við munnlega hefð og að sumu leyti við eigin minningar, en þó ekki eins oft og nútímafræðimenn hefðu vonað. Þó hefur það verið talið að hann hafi gert rannsóknir sjálfur, og leitað í skjölum eftir áður óþekktum smáatriðum og æviatvikum.⁵ Suetonius var heppinn að hafa aðgang að skjalasafni keisaranna og öldungaráðsins, þar sem hann hafði aðgang að miklu magni endurminninga samtímamanna og opinberra skjala, og einnig það að hafa lifað í tíð nokkurra keisara. Margar upplýsingar um Tiberius, Caligula, Claudius og Nero koma frá samtímamönnum sem voru á staðnum þegar atburðir áttu sér stað. Hann hefur augljóslega farið yfir staðreyndir á eins mörgum stöðum og hægt var og oft vitnar hann í umdeildar upplýsingar án nokkurrar hlutdrægni, sem var ekki vani t.d. hjá sagnariturum eins og Tacitusi eða öðrum seinni tíma sagnariturum.

³ Townend (1967): 80.

⁴ Grube (1965): 313.

⁵ Hurley (2001): 7.

Upprunaleg fyrirmynd að *De Vita Caesarum* gætu hafa verið einhverjir grískir höfundar eins og hinn lítt þekkti Phaenias frá Eresus (gr. Φαινίας ὁ Ἐρέσιος), sem skrifaði ekki aðeins um líf skálda og heimspekinga heldur einnig ævisögur einvaldanna (gr. τυραννοί) á Sikiley.⁶ Það síðara virðist ekki hafa fallið undir flokk lofræða, en þeim tilheyrja fjölmargar ævisögur: líf Agesilásar eftir Xenophon og líf Evagorasar eftir Isocrates, sem og margar sögur eftir Nepos og svo *Agricola* Tacitusar. Jafnvel Plutarchos, sem skrifaði á tíma Suetoniusar, tekur að mörgu leyti þátt í þessu. Hvort sem Phaenias þessi hafi sett fordæmi fyrir því að skrifa ævisögur sem voru hlutdrægar og jafnvel gagrýnar á viðfangsefni sitt, þá var Suetonius hylltur fyrir að hafa tekið upp þess konar viðhorf sem var í takt við samtíma hans.⁷ Tacitus nefndi það í formála verka sinna *Historiae* og *Annales* að rithöfundar fyrri tíma sem skrifuðu um keisaraveldið hafi haft tilhneigingu til að hrósa um of og jafnvel smjæðra fyrir sitjandi yfirvaldi eða voru rógberar sem nýttu sér aðstöðu sína eftir að slæmur keisari hafði fallið frá. Ólíklegt er að ímynda sér að Suetonius hafi verið að hugsa sér að etja kappi við Tacitus í sagnfræðiskrifum, en sú tegund bókmenntaverka var þekktari fyrir listfengnari stíl og höfundar höfðu betri tilfinningu fyrir orsakasamhengi hlutanna. Tacitus fylgir reglum um annálaskrif vandlega þar sem farið er yfir söguna ár frá ári. Ef ævisaga átti að vera eitthvað annað en þurr upptalning, þyrfti Suetonius að minnka áhrifin frá honum.⁸ Það má greinilega sjá hina nýju nálgun á þetta í *Lífi* um Iulius Caesar, sem talað verður um hér að neðan.

En að upplagi var Suetonius ekki sagnaritari og því skyldi ekki bera hann saman við Sallustius, Livius eða Tacitus. Hans meginmarkmið var að safna og setja fram efni sem stefndi að því að sýna þá persónu sem hann fjallaði um hverju sinni og að því leyti stendur hann fjarri sagnariturunum.

Uppbygging *De Vita Caesarum*

Flestir kaflarnir í *De Vita Caesarum* hefjast á yfirliti yfir fjölskyldu og fæðingu hvers keisara sem fjallað er um, og stundum nefnir hann fyrirboða þess (þó vantar þetta í umfjöllunina um Iulius Caesar þar sem upphaf handritsins hefur glatast). Síðan er ferill hans rakinn, frá upphafi og þar til hæstu metorðum er náð og er þessi hluti öllu

⁶ Townend (1967): 81.

⁷ Ibid.

⁸ Id.:82.

lengri en í umfjöllun um þá keisara sem síðar koma. Upptalning í annálaformi er ekki fyrirferðarmikil í kaflanum um Augustus, og segir Suetonius sjálfur⁹ að hann hafi hug á að skrásetja líf þessara manna eftir efni, *per species*, svo auðveldara sé að skilja efnistökin og meta þau.¹⁰ Felur þessi aðferð í sér að í byrjun kafla er tilkynnt hvað næst verði farið yfir, og því fylgja efnisgreinar um það sem tilkynnt var.

Í retórík er þessi aðferð mjög áhrifamikil tæki til að koma máli sínu á framfæri, kallað á latínu *partitio* eða *divisio* og var innleidd inn í rómverska mælskulist af Hortensiusi (114 f.Kr.- 50 f.Kr.), eldri samtímamanni Ciceros.¹¹ Vissulega notaðist Cicero sjálfur við þessa aðferð í ræðum sínum til að gera mál sitt ljóst, og hægt er að finna þetta í nærri öllum latneskum prósa og jafnvel hjá sumum skáldum. Þetta er einnig hægt að finna í elstu varðveittu grískum ævisögum. Í bók Suetoniusar sem fjallar um klæðnað hefur varðveist dæmi um þessa aðferð, þar sem hann nefnir fyrst þrjú dæmi um hatta og fjallar svo um þá hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir voru nefndir. Smátt og smátt notar hann þessa aðferð æ meir. Það má þó gagnrýna þessa aðferð upp að vissu marki, því að þegar hann fer að nota þetta í svona miklum mæli getur þetta oft ruglað lesandann í ríminu frekar en að það hjálpi honum.¹²

Hjá „slæmu“ keisurunum, Caligula, Nero og Domitianusi, skiptist frásögn valdatíðarinnar greinilega á milli „góðra“ og „slæmra“ aðgerða, þar sem Suetonius tilkynnir að hann ætli það sem eftir er sögunnar, að segja frá hræðilegum gjörðum þeirra og nefnir þá ekki fögrum nöfnum. Hjá Iuliusi og Augustusi er svipuð skipting á milli opinbers lífs og einkalífs sem virðist einnig hafa verið ætlunin með Claudius en hann hefur líklega ætlað sér að segja frá með því að greina á milli „góðra“ og „slæmra“ verka. Í köflum 10-25 er farið yfir opinberan feril hans þar sem hann tekur yfirleitt heilbrigðar ákvarðanir í stjórnunarstöðu en undir niðri má greina að ýmislegt leynist að baki og að persónuleiki hans sé ekki alveg heilsteyptur. Í köflum 26-42 er það staðfest með því að greina frá háttalagi hans og persónuleika, en hegðun hans er oft vítaverð, en þó hrósar hann honum sem rithöfund.¹³

Til að dæma *De Vita Caesarum* er mikilvægt að muna að einna verstir dómar um hana koma frá sagnfræðingum sem eru vonsviknir yfir að Suetonius hafi ekki verið sagnfræðingur eða sagnaritari og þar með ekki jafn góð heimild fyrir seinni tíma.

⁹ *Proposita vitae eius velut summa partes singillatim neque per tempora sed per species exsequar, quo distinctius demonstrari cognoscique possint.* (Aug. ix).

¹⁰ Edwards (2000): x.

¹¹ Townend (1967): 85.

¹² Ibid.

¹³ Hurley (2001): 18.

Þó er óumflýjanlegt að hrekja ekki suma gagnrýni. Suetonius er mjög snöggur að samþykkja ótrúlegar eða hneykslanlegar sögur, jafnvel þó að vitað sé að hann hafi haft áreiðanlegri heimildir til að vinna úr. Sem dæmi má nefna, að á meðan hann þekkir tvær mismunandi og ósamrýmanlegar sögur um morðið á Claudiusi, þá vitnar hann samt í stuttar frásagnir sem tengdar eru hvorri sögu fyrir sig en geta hvorugar verið sannar. Einnig staðfestir hann eindregið að Nero hafi verið ábyrgur fyrir brunanum í Róm en sýnir þó að hann hafi vitað um aðra útgáfu af sögunni. Hann svertir persónu Tiberiusar með sögu um langvarandi drykkju, en í henni kemur fram tímaruglingur sem hefði auðveldlega verið hægt að koma í veg fyrir. Einnig segir hann sérstaklega óáreiðanlegar sögur af aftökum á þann hátt að kasta rýrð á sem verstan mögulegan hátt á keisarann sem á í hlut hverju sinni. Þessi tilhneiging hans til að undirstrika verstu hliðar keisaranna og líttlækka þá sést mjög vel, jafnvel í fyrstu ævisögnum (t.d. hjá Caesari og Augustusi).¹⁴

Ævisögur fornaldar: Suetonius og Plutarchos

Suetonius var nokkru yngri en gríski ævisagnahöfundurinn Plutarchos (uppi um 46-120). Til viðbótar við *Vitae parallelae* (*gr. Βίοι Παράλληλοι*)¹⁵ hafði hann einnig skrifað ævisögur keisaranna, en aðeins Galba og Otho hafa varðveist. Ekki hefur mikið varðveist af eldri ævisögum hans. Þó að þeir hafi oft verið taldir til sagnaritara er víst að þeir hafa ekki litið á sig sem slíka. Plutarchos segir sjálfur þegar hann skilgreinir eigin verk að ætlunin sé ekki að skrifa sagnfræðiverk heldur einfaldlega um lífshlaup manna og að það sé ekki endilega alltaf hinar þekktustu gjörðir manna sem sýni góða eða slæma eiginleika þeirra.¹⁶

οὔτε γὰρ ἱστορίας γράφομεν, ἀλλὰ βίους, οὔτε ταῖς ἐπιφανεστάταις πράξεσι πάντως ἔνεστι δῆλωσις ἀρετῆς ἢ κακίας, ἀλλὰ πρᾶγμα βραχὺ πολλακίς καὶ ῥῆμα καὶ παιδιὰ τις ἔμφρασιν ἤθους ἐποίησε μᾶλλον ἢ μάχαι μυριόνεκροι καὶ παρατάξεις αἱ μέγισται καὶ πολιορκίαι πόλεων. (Plut. Alex. 1.2)

¹⁴ Townend (1967): 91.

¹⁵ Verkið samanstendur af 46 ævisögum sem er raðað saman í þör þar sem önnur ævisagan fjallar um merkan mann úr sögu Grikklands og hin um merkan mann úr sögu Rómarveldis.

¹⁶ Edwards (2000): xiii-xiv.

Því það eru ekki sögur sem ég skrái niður, heldur líf; og í hinum frægustu gjörðum er ekki alltaf sýnd dyggð eða löstur, heldur geta smávægilegir hlutir eins og orðatiltæki eða spaug sýnt persónuleika manns betur heldur en orustur þar sem þúsundir falla, eða hin mestu herföng eða umsátur um borgir.

Þessi áhersla á smáatriði er hlutur sem vert er að skoða. Verk Suetoniusar er mun meiri „ekki-saga“ en verk Plutarchosar. Sá fyrrnefndi nálgast efnið á þematískari hátt og sem dæmi má nefna að Plutarchos gefur langa og ítarlega lýsingu á herferðum Iuliusar Caesars, á meðan Suetonius segir frá tíu ára herferðum hans í Gallíu í aðeins einni efnisgrein. Á mörgum stöðum notar hann mörg dæmi úr þessum herferðum til að undirstrika ákveðna persónueiginleika á meðan Plutarchos setur þetta fram frekar sem einhverskonar siðferðilega kennslu fyrir lesendur sína og spegil á samtíma sinn og mannlegt eðli.¹⁷

Þó er auðvelt að lesa Suetonius, og margir lesa hann vegna þess að hann lætur Róm á tíma keisaranna fyllast af lífi, með fjölda fjörlegra persóna og með mjög sannfærandi smáatriðum. Samanborið við aðra sagnaritara eins og Tacitus og Plutarchos þá notar Suetonius ógrynni af allskyns lítt þekktum staðreyndum og notar efni eins og kjaftasögur og léttvægar staðhæfingar sem skipta textann kannski ekki miklu máli en glæða textann lífi, svo hann verði ekki aðeins þurr upptalning atburða. Það er nánast hægt að tryggja það að virðulegur sagnaritari eins og Tacitus hefði ekki haft mikið fyrir því að lýsa klæðaburði eða líkamsstöðu einstakra persóna sem hann var að segja frá. Suetonius forðast þó að fara inn í hugarheim persóna sinna og er frásögnin alltaf í fyrstu persónu og einnig notar hann beina ræðu eins og í bréfum Augustusar.¹⁸

Claudius

Sú mynd sem Suetonius dregur upp af Claudiusi er mjög forvitnileg. Hann er mjög tvíræð persóna, hæfur stjórnandi og verndari gamalla hefða annars vegar, en grimmur og sérlega óvirðulegur maður hins vegar. Mjög auðvelt er að ímynda sér að allt sem hann framkvæmdi þegar hann sat á veldisstóli hafi ekki verið hans hugmyndir og má

¹⁷ Edwards (2000): xiv.

¹⁸ Townend (1967): 95.

rökstyðja það með því sem sagt er í textanum, að hann hafi alla tíð verið undir hæl eiginkvenna sinna og leysingja.

Claudius fæddist árið 10 f.Kr. og voru foreldrar hans Drusus Claudius Nero, stjúpsonur Augustusar, og Antonia yngri, dóttir Marcusar Antoniusar og frænka Augustusar. Drusus lést ári síðar. Frá unga aldri blés ekki byrlega fyrir Claudiusi, þrátt fyrir að vera af þessari merku ætt, þar sem hann var líkamlega fatlaður, sem stafaði af vægri heilalömun (e. cerebral palsy) og voru einkenni hennar túlkuð sem andleg fötlun.¹⁹ Eins og segir í textanum var honum ekki vel tekið og voru móðir hans og amma sérlega grimmar við drenginn. Ekki var hann mikils metinn innan fjölskyldunnar og veittist ekki mikið meira en grundvallarstöður sem efristéttar Rómverji átti að öðlast. Árið 37 útnefndi Caligula hann vararæðismann og var það í raun fyrsta skiptið sem hann fékk aðgang að stjórnmalalífinu.²⁰

Eins og Suetonius segir frá bar það frekar undarlega að, að hann yrði keisari og verður ekki farið ítarlega í það hér. Í þau 13 ár sem Claudius gegndi embætti var háttalag hans mjög breytilegt, ýmist vildi hann sefa öldungaráðið með velgjörðum eða var mjög blóðþyrstur og grimmur leiðtogi. Þegar hann tók við völdum var hann fimmtugur, sem var álitid eldra í þá daga en nú, og var hann því ávallt á verði og tók þá menn úr umferð sem virtust bíða óþreyjufullir eftir því að verða eftirmenn hans. Þrátt fyrir þessa grimmd var hann einnig þekktur fyrir að vera veikgeðja, og hægt er að styðja það með þeim rökum að eiginkonur hans og leysingjar hafi ráðskast með hann. Þegar hann var keisari var hann giftur Messallinu og síðan Agrippinu yngri, en hún var dóttir Germanicusar bróður hans. Messallina var móðir Britannicusar, og Agrippina var móðir Neros sem síðar varð keisari. Vissu þær báðar að velferð þeirra fólst fyrst og fremst í því að koma sonum sínum í keisarastól eftir daga Claudiusar.²¹ Einnig öðluðust leysingjar Claudiusar líka áhrifavald vegna þess hvað þeir voru nánir samstarfsmenn hans; það sem var gott fyrir hann var einnig gott fyrir þá. Mesta afrek hans á erlendri grund var það að hann lagði Britanníu undir sig árið 43. Fyrir utan það vann hann ekki neina aðra stóra landvinninga.²² Claudius var þó menntamaður og skrifaði sögur og var áhugasamur um trúarlega siði og venjur fyrri tíma. Hann hafði ósvikinn skilning á hlutverki sínu í sögu Rómar, og eins og Augustus hafði hann lagt hart að sér til að sýna samhengi á milli fortíðar og samtíma þeirra. Claudius skildi þó

¹⁹ Hurley (2001): 10-11.

²⁰ Id.: 11.

²¹ Hurley (2001): 12.

²² Id.:13.

eftir sig fremur óaðlaðandi orðspor. Þó að hægt sé að túlka grimmd hans og það að hann var veikgeðja háð kringumstæðum hverju sinni, þá eru aðrir persónueiginleikar hans alltof áberandi til að hægt sé að skella skuldinni á aðstæður. Eins og kemur fram í þýðingunni var hann drykkjumaður mikill, ósamkvæmur sjálfum sér, óháttvís, fljótur upp á nef sér, afskiptasamur og hafði mikla ánægju af blóðsúthellingum.

Ævisaga Suetoniusar er að öllu leyti besta og litríkasta samansafn staðreynda og stuttra frásagna um Claudius sem til er.²³ Suetonius dæmir hann oft fremur harkalega og með því að leggja áherslu á neikvæðu þættina minnkar hann bilið á milli hins hæfa stjórnanda og hins grimma og kjánalega leiðtoga. Hann virðist hafa þá skoðun að ef eiginkonur hans og leysingjar hafi verið á bak við grimmar gjörðir hans þá hljóta þau einnig að hafa verið bak við þær góðu.

Stíll Suetoniusar og áhrif hans á síðari tíma

Stíll Suetoniusar hefur venjulega ekki fengið mikið lof hjá nútímafræðimönnum. Hann líður óneitanlega fyrir það að vera borinn saman við samtímamann sinn Tacitus, og hefur Suetonius oft verið álitinn hafa engan sérstakan stíl og í raun tileinkar hann sér þann stíl sem einkennir þá heimild sem hann notar hverju sinni.²⁴ Textinn er blátt áfram, stirður á köflum og laus við ljóðrænan blæ sem oft gat einkennt texta sagnaritara. Á síðari árum hefur verið álitnið að einfaldleiki hafi verið aðaleinkenni á skrifum Suetoniusar og að þar hafi ekki örlað á neinum listrænum einkennum. Suetonius var ekki feiminn við að vitna orðrétt í heimildir úr öllum áttum, úr bundnu jafnt sem óbundnu máli og á latínu jafnt sem grísku. Það sem er einnig áhugavert er að hann notast mikið við útdrætti úr bréfum Augustusar, eins og við fáum að sjá í þýðingunni á eftir. Það virðist þó ekki vera mikil ástæða til að ætla að Suetonius hafi ekki skoðað þessi bréf ofan í kjölinn, líklega þegar hann starfaði hjá keisaranum, ýmist sem *a studiis, a bibliothecis* eða *ab epistulis*.²⁵

Þegar hann sagði frá réttarkerfinu notaði hann nákvæmt lagamál. Embættisheitið *ducenarius* kemur hér fyrst við sögu í bókmenntatexta. Hann hefur grísk orð og orðatiltæki, bæði löng og stutt, óþýdd inn í textanum. Einnig hefur hann ræður eða orðatiltæki sem koma úr latneskum heimildum oft alveg orðréttar. Hvað

²³ Hurley (2001):17.

²⁴ Edwards (2000): xxvi.

²⁵ Townend (1967):87.

málfræðina varðar þá eru lýsingarhættir algengir í textanum og standa þar á eftir aðalsögninni. Til að koma sem flestum skilaboðum á framfæri í sem stystu máli er mikið af *abl. abs.* í textanum og er hann því samþjappaður og hnitmiðaður. Claudius er yfirleitt alltaf frumlag í setningum og sögnin er næstum alltaf í perf.act.ind.

Þrátt fyrir ýmsa galla setti Suetonius fordæmi fyrir ævisögur keisara á næstu öldum. Öld eftir að hann skrifaði verk sitt tók ævisagnaritarinn Marius Maximus upp þráðinn þar sem honum hafði sleppt í verkinu *Caesares* og hélt það áfram frá Nerva til Elagabalusar. Því miður er verkið glatað og því ekki hægt að bera saman við verk Suetoniusar.²⁶ Það má því með sanni segja að Suetonius hafi ákvarðað form ævisagna allt fram á 18. öld.

Ævisögur sem síðar voru skrifaðar í fornöld eins og *Historia Augusta* og ævisögur eftir Híerónýmus byggjast að mestu leyti á *De Vita Caesarum* og *De Viris Illustribus*.²⁷ Verk hans voru einnig mjög vinsæl fram á 5. og 6. öld þegar hámenntaðir fræðimenn eins og t.d. Censorinus, Servius og Macrobius virðast hafa metið skrif hans, en eins og áður sagði var textinn samþjappaður og hnitmiðaður sem gæti hafa leitt til þess að auðveldara var að fletta upp í honum og afla sér upplýsinga. Þó að yfir 200 handrit hafi varðveist eftir Suetonius náði aðeins eitt þeirra að lifa af hinar myrku miðaldir. Þó byggði Einhard *Vita Caroli Magni* frá 9. öld á *De Vita Caesarum*. Á 14. öld hafði hann líka mikil áhrif á Petrarca þegar hann samdi verk sitt *De Viris Illustribus* og einnig notaði Boccaccio hann mikið sem sögulega heimild.²⁸

Þrátt fyrir skiptar skoðanir um ágæti vinnubragða og framsetningu Suetoniusar má vera sammála því að hann nær takmarki sínu sem ævisagnaritari. Hann beitir hinum ýmsu brögðum til að koma hugmyndum sínum á framfæri, er áhugasamur um æviatriði af ýmsum toga, vekur upp blendnar tilfinningar hjá lesendum sínum, sem og samúð, ótta, hrifningu eða viðbjóð. Hann kafar oft mjög djúpt í persónueinkenni þeirra manna sem eru í aðalhlutverki hverju sinni, en leyfir lesandanum svo að dæma um hegðun þeirra. Í tilfelli Claudiusar er sérstaklega oft þræddur jafnvægisleikur milli stórfengleika hans og klaufaskapar, en honum er lýst sem óstöðugum stjórnanda sem gæddur er miklum hæfileikum en er hindraður af mannlegum brestum og líkamlegri fötlun. Jafnvel er reynt að réttlæta klofinn persónuleika hans með vísun til

²⁶ Edwards (2000): xxviii.

²⁷ Conte (1999): 549.

²⁸ Id.:550.

uppeldisaðstæðna, til grimmdar uppalenda hans, sem höfðu hann að skotspæni frá unga aldri og töldu hann varla mannlegan. Svo virðist sem að Suetonius sé stundum ekki alveg sjálfur viss um hvernig hann eigi að túlka Claudius, þennan mann sem sveiflast á milli gífurlegra skapgerðarbrestra sem jaðra við vitfirringu, en er samt um leið hæfur til að stjórna heimsveldi.

Um þýðinguna

Við þýðingu textans er stuðst við texta sem kom út í ritstýrðu verki af Donnu W. Hurley árið 2001. Ég hef ákveðið að nota ekki íslenska stafi í mannanöfnum en notast þó við íslenska beygingu, sbr. ef. til Claudiusar. Flest embættisheiti eru þýdd eins og þau hafa verið þýdd í áraraðir. Í tilviki þeirra embættisheita og annarra orða í textanum sem ég hef ekki ákveðið að þýða eru þær ástæður helstar að ekki hefur skapast nægilega mikil hefð í íslensku til að þýða þau eða þær íslensku þýðingar sem til eru ná ekki að útskýra latneska orðið nógu vel. Í 2. kafla kemur Claudius fyrst við sögu og er þá frumlag setningarinnar. Það sem eftir lifir ævisögunnar er hann frumlag hvers kafla, en er aldrei aftur nefndur með nafni, heldur felst það í sögninni, eins og oft er venja í latínu. Í þýðingunni er því átt við Claudius þegar kaflar hefjast á „hann.“

ÆVISAGA GUÐLEGS CLAUDIUSAR

DE VITA CAESARUM – V. BÓK

I.

Livia var barnshafandi þegar hún giftist Augustusi, og þremur mánuðum síðar fæddi hún Drusus, sem fékk fyrst fornafnin Decimus, en seinna Nero. Drusus var faðir Claudiusar. Grunur lék á að Drusus hefði verið getinn í lausaleik af stjúpforeldrum hans. Enda varð brátt á allra vörum eftirfarandi ljóðlína:

Þeim gæfuríku fæðast þriggja mánaða börn.²⁹

[2] Á meðan Drusus þessi gegndi embættum questors og praetors var hann leiðtogi í stríðunum í Raetiu³⁰ og síðan í Germaníu og var fyrstur allra rómverskra hershöfðingja að sigla um Norðurhöfin. Hann lét einnig reisa með gríðarmikilli vinnu skipaskurði handan Rínar, sem enn í dag bera nafn hans.³¹ Hann gjörsigraði óvini í nokkrum orustum og rak þá aftur til innstu öræfa. En hann hætti ekki við að eltast við þá þangað til vofa birtist honum í gervi barbarakonu, sem var hærri en venjulegur maður, og mælti á latneskri tungu að hann skyldi ekki hætta sér lengra áfram.[3] Fyrir þessi afrek fékk hann *ovatio*³² að launum og heiðursmerki um sigur. Eftir að hafa gegnt embætti praetors varð hann samstundis ræðismaður, sneri við til Germaníu en dó þar úr sjúkdómi í sumarherbúðum, sem þaðan í frá fengu viðurnefnið „Ógæfubúðir.“ Lík hans var borið til Rómar af frammámönnum bæja og nýlenda, og þeim mætti hópur ritara sem tók á móti því og var það grafið á Marsvelli. Hersveit hans reisti minnismerki honum til heiðurs, en í kringum það skyldu hermenn marséra ákveðinn dag ár hvert í hátíðarskrúðgöngu,³³ og borgríki Galla skyldu færa fórnir

²⁹ Þýð á gr. *Τοῖς εὐτυχόσι καὶ τρίμηνα παιδία*. Í raun þeim „sem gæfan brosir við“.

³⁰ Raetar voru þjóðflokkur sem bjó á svæði því sem í dag er Austurríki.

³¹ Hér er átt við *fossae Drusinae* sem tengja saman Rín og Yssel.

³² *Ovatio* var sigurganga sem farin var til að heiðra minni háttar hernaðarsigra. Sigurvegarinn fór inn í Róm annaðhvort á hestbaki eða fótgangandi, í staðinn fyrir að vera dreginn á vagni af fjórum hestum.

³³ Hér er *decursio* lýst en það var hernaðaræfing, oft framkvæmd í trúarlegu samhengi. Hermennirnir hlupu kringum gröfina í fullum herklæðum og köstuðu svo á hana hernaðarlaununum sem þeir höfðu fengið frá keisaranum.

opinberlega. Með sama móti samþykkti öldungaráðið, meðal annarra heiðursathafna, að reisa handa honum marmaraboga búinn sigurtáknum á Appiavegi, og veitti honum og afkomendum hans viðurnefnið Germanicus.[4] Almennt er talið að hann hafi verið jafn ákafur í að öðlast dýrð eins og hann var lýðveldissinnaður, því að hann öðlaðist, auk hernaðarsigra, *spolia opima*³⁴ óvinanna og elti oft germanska hershöfðingja út um allan vígvöllinn en með því lagði hann sig í hina mestu hættu. Að sama skapi leyndi hann því ekki að hann myndi endurreisa hið gamla stjórnarfyrirkomulag, hvenær svo sem hann hefði til þess vald. Af þessum ástæðum tel ég að sumir voguðu sér að staðhæfa að Augustus hafi ekki treyst honum og kallað hann heim, en þar sem hann var ekkert að flýta sér að snúa heim hafi hann losað sig við hann með eitri.

[5] Þetta nefni ég til að verða ekki sakaður um að sleppa neinu, frekar en að ég trúi að það sé satt eða sennilegt, enda elskaði Augustus hann það heitt þegar hann var á lífi, að hann nefndi hann alltaf í erfðaskráum sínum erfingja sinn ásamt sonum sínum, eins og hann lýsti einu sinni yfir í öldungaráðinu. Þegar Drusus dó hélt Augustus hátíðarræðu á fjöldasamkomu þar sem hann bað guðina um að gera sína Caesara³⁵ eins og Drusus, og að veita sér jafn dýrðlegan dauðdaga og þeir höfðu veitt Drususi. Hann var ekki ánægður með að hafa látið meitla í stein á gróf hans eftirmæli í bundnu máli sem hann samdi sjálfur og ritaði því líka ævisögu hans í óbundnu máli.[6] Með Antoniu yngri eignaðist Drusus mörg börn, en af þeim komust aðeins þrjú á legg: Germanicus, Livilla og Claudius.

II.

Claudius fæddist þann 1. ágúst í Lugdunum³⁶ í ræðismannstíð Iullusar Antoniusar og Fabiusar Africanusar,³⁷ sama dag og altari var fyrst tileinkað Augustusi í þeirri borg. Hann fékk nafnið Tiberius Claudius Drusus. Síðar, þegar eldri bróðir hans var ættleiddur inn í júlíönsku ættina, tók hann sér viðurnefnið Germanicus. Þegar hann var aðeins ungabarn lést faðir hans og næstum alla sína æsku og unglingsár var hann svo þjádur af ýmsum þrálátum kvillum, sem höfðu í för með sér að bæði hugur hans og líkami voru svo veikburða að jafnvel þegar hann óx úr grasi var hann hvorki talinn hæfur til að sinna opinberum málum né einkamálum.[2] Hann var í umsjá annarra og undir umsjónarmanni í langan tíma og meira að segja eftir að hann öðlaðist sjálfræði.

³⁴ *Spolia opima* voru vopn óvinaherforingjans sem rómverskur herforingi tók af honum í orustu.

³⁵ Gaius og Lucius, barnabörn hans.

³⁶ Borg í Gallíu, nú Lyon.

³⁷ 10 f. Kr.

Í bók nokkurri kvartar hann sjálfur yfir umsjónarmanninum, sem hafi verið barbari og eitt sinn yfirmúlreki, og segir að hann hafi verið settur í hans umsjá í þeim tilgangi að sér yrði refsað á sem grimmilegastan hátt fyrir hvað sem var. Vegna þessa heilsuleysis sat hann klæddur í skikkju, en það hafði ekki tíðkast áður,³⁸ á sýningu skylmingaþrælanna, en þær sýningar setti hann á fót ásamt bróður sínum í minningu föður þeirra. Þegar hann átti að öðlast fullorðinsskikkju var hann færður til Capitolhæðar um miðja nótt í burðarstól án hefðbundinnar fylgdar.

III.

En frá unga aldri lagði hann mikla ástundum á hinar frjálsu listir³⁹ og gaf oft út sýnishorn af því sem hann rannsakaði í hverri grein fyrir sig. En samt gat hann hvorki öðlast neinn opinberan frama né gert sér neina von um bjartari framtíð.

[2] Antonia móðir hans var vön að kalla hann „viðundur“, og að frá náttúrunnar hendi væri hann ekki fullskapaður heldur væri rétt byrjað á honum. Alltaf þegar hún sakaði einhvern um fávísi, sagði hún hann vera heimskari en Claudius, sonur hennar. Augusta⁴⁰ amma hans umgekkst hann alltaf af mestu fyrirlitningu. Hún ávarpaði hann afar sjaldan og þegar hún áminnti hann gerði hún það vanalega með bitrum og stuttum bréfum eða gegnum millilið. Þegar Livilla systir hans heyrði að einn daginn yrði hann keisari, bað hún þess opinberlega og skýrt að Rómarlýð yrði forðað frá svo ósanngjörnum og óverðskulduðum örlögum. Til þess að gera það þeim mun ljósara hvaða álit ömmubróðir hans Augustus hafði á honum, bæði gott og slæmt, hef ég bætt hér við völdum köflum úr bréfum hans.

IV.

„Kæra Livia, ég talaði við Tiberius,⁴¹ eins og þú skipaðir, um hvað ætti að gera við barnabarn þitt Tiberius⁴² á Marsleikunum.⁴³ Við tvö erum sammála um að við verðum í eitt skipti fyrir öll að ákveða hvaða áætlun við ætlum að fylgja varðandi hann. Því ef hann er heill heilsu, ef svo mætti að orði komast, af hverju ættum við að

³⁸ Á opinberum vettvangi sem þessum hefði mátt búast við tóga þar sem skikkjan var ekki virðulegur klæðnaður fyrir heilbrigðan ungan Rómverja þar sem hann var oft notaður til að fela bæklun.

³⁹ *Disciplines liberales* voru fræðigreinar sem rómverskir yfirstéttarmenn lögðu stund á. Í því fólust lög, heimsspeki, flatarmálsfræði og reikningur, stjórnufræði og tónlist.

⁴⁰ Livia fékk nafnið Augusta þegar maður hennar Augustus lést árið 14.

⁴¹ Keisarinn tilvonandi.

⁴² Claudius.

⁴³ Haldnir af Augustusi árið 12 til heiðurs Mars Hefnanda (*Ultor*).

efast um að hann ætti að vera leiddur áfram gegnum sömu stöður og stig og bróðir hans var leiddur gegnum? [2] En ef okkur finnst hann vera veikburða og fatlaður bæði á líkama og sál,⁴⁴ þá ættum við ekki að gefa mönnum sem eru vanir að hæða og spotta slíka hluti⁴⁵ tilefni til að hlæja bæði að honum og okkur. Því við munum alltaf vera á báðum áttum ef við tökum ákvörðun um hvert og eitt málefni og ákveðum ekki fyrirfram hvort við teljum að hann geti gegnt opinberum embættum eða ekki. [3] En nú að þeim málum sem þú ráðfærir þig um við mig, þá er það mér ekki þvert um geð að hann sjái um veislu prestanna á Marsleikunum ef hann sættir sig við að taka ráðleggingum frá ættingja sínum, syni Silvanusar,⁴⁶ svo hann geri ekki eitthvað sem gæti dregið að sér athygli og verið aðhláturselfni. En mér líkar ekki að hann horfi á leikana úr veldissætinu⁴⁷ þar sem hann drægi að sér athygli áhorfenda svona framarlega staðsettur. Ekki líkar mér heldur að hann fari til Albanusfjalls eða sé í Róm á hinum latnesku hátíðisdögum. Því af hverju ætti hann ekki að stjórna borginni fyrst hann getur fylgt bróður sínum til fjallsins? [4] Svo hér hefurðu mínar skoðanir, Livia mín, en okkur hugnast báðum að tekin sé ákvörðun um málið í eitt skipti fyrir öll, svo við séum ekki stöðugt á milli vonar og ótta. En hinsvegar leyfist þér, ef þú vilt, að færa einnig henni Antoníu okkar þennan hluta bréfsins til lestrar“. Í öðrum bréfum stóð eftirfarandi:

[5],„Auðvitað skal ég bjóða hinum unga Tiberiusi daglega til kvöldverðar svo hann snæði ekki einn með vinum sínum Sulpiciusi og Athenodorosi á meðan þú verður í burtu. Ég óska þess að hann veldi sér einhvern til að líkja eftir í hreyfingu, háttum og göngulagi af meiri kostgæfni og ekki svona hugsunarlaust.⁴⁸ Veslings drengurinn fæddist undir óheillastjörnu⁴⁹; því í mikilvægum málefnum,⁵⁰ þegar hann er með

⁴⁴ Þýðing á *Sin autem ἠλαττῶσθαι sentimus eum et* βεβλάφθαι καὶ εἰς τὴν τοῦ σώματος καὶ εἰς τὴν τῆς ψυχῆς ἀρτιότητα. Suetonius vitnar hér beint í bréf Augustusar en hann notaði grískuna óspart einsog menntafólk gerði á þessum tíma. Gríska var yfirstéttarmál og komu grísk orð eða setningar meiningu betur til skila en hefðbundin latína. Eins og segir í formála var Suetonius óragur við að taka orðrétt texta uppúr heimildum sínum og á þann hátt var hann trúr upprunalegum textum.

⁴⁵ Þýð. á gr. τὰ τοιαῦτα σκώπτειν καὶ μυκτηρίζειν εἰωθόσιν.

⁴⁶ Líklega M. Plutius Silvanus, en Claudius giftist systur hans Plautiu Urgananillu.

⁴⁷ *Pulvinar* var upprunalega setbekkur fullur af guðalíkneskjum. Nafnið var síðar gefið staðnum sem tekinn var frá fyrir keisarann og fjölskyldu hans.

⁴⁸ Þýð. á *minus* μετεώρως.

⁴⁹ Þýð. á *misellus* ἀτυχεῖ.

⁵⁰ Þýð. á gr. *nam* ἐν τοῖς σπουδαίοις.

hugann við efnið, koma ágæti hugar hans greinilega í ljós.⁵¹ Einnig stóð í þriðja bréfinu:

[6] „Má ég hundur heita ef ég undrast það ekki að Tiberius barnabarn þitt, Livia mín, gæti fallið mér í geð þegar hann talaði opinberlega. Því ég fæ ekki séð að einhver sem talar svo óskýrt,⁵² geti í ræðustól talað af mælsku⁵³ um þá hluti sem á að segja.“

[7] Ekki leikur vafi á því hvað Augustus ákvað í kjölfarið. Hann fól honum ekkert embætti annað en embætti spáprests⁵⁴ né útnefndi hann erfingja sinn nema á þriðja stigi,⁵⁵ og að sjötta hluta eigna sinna ásamt þeim sem voru nánast utan ættarinnar; á meðan arfleiddi hann Claudius aðeins að átta hundruð þúsund sestertum.

V.

Tiberius, föðurbróðir Claudiusar, veitti honum heiðursmerki ræðismannsembættisins⁵⁶ þegar hann falaðist eftir embætti. Hann var ýtinn og þrabað um sjálft embættið en Tiberius svaraði og sagðist hafa sent honum 40 aurea fyrir Saturnalia og Sigillaria hátíðirnar.⁵⁷ Loks gaf hann upp alla von um frama og dró sig í hlé. Hann hélt sig ýmist í görðum og úthverfum eða í villu í Campaniuhéraði. Af samneyti við menn af lægstu stétt leiddist hann úti drykkju og teningaspil og bættist þetta við eldra orðspor hans um seinfærni. En á sama tíma, þrátt fyrir þetta háttalag, skorti hann aldrei athygli manna eða virðingu á opinberum vettvangi.

VI.

Riddarastéttin kaus hann tvisvar sem verndara til að að fara fyrir sendinefnd fyrir þeirra hönd; einu sinni þegar þeir báðu ræðismenn um að fá að bera lík Augustusar til Rómar á öxlum sínum og aftur þegar þeir færðu þakkir fyrir að Seianus hafi verið yfirbugaður af þeim. Þeir voru meira að segja vanir að rísa upp fyrir honum þegar

⁵¹ Þýð. á gr. ἡ τῆς ψυχῆς αὐτοῦ εὐγένεια.

⁵² Þýð. á gr. ἀσαφῶς.

⁵³ Þýð. á gr. σαφῶς.

⁵⁴ Spáprestar túlkuðu hvort teikn í náttúrunni væru Róm í hag eða óhag. Þegar Claudius hlaut embætti, eftir árið 8, þá fylgdi embættinu miklu fremur orðstír heldur en vald.

⁵⁵ Erfingjar á þriðja stigi erfðu aðeins ef erfingjar á fyrsta eða öðru stigi létust eða uppfylltu ekki skyldur sínar. Þar sem það var ólíklegt var það í raun aðeins í heiðursskyni sem menn voru settir í þriðja stigs flokkinn.

⁵⁶ *Consularia ornamenta* voru e-s konar hughreystingarlaun, þar sem Claudius gat borið klæði að hætti fyrrum ræðismanna, setið til borðs með þeim og komið fram fyrir almenning en fékk ekki inngöngu í öldungaráðið.

⁵⁷ *Saturnalia* var hátíð sem sem hófst 17. desember og haldnir voru leikar og veislur, skipst var á gjöfum og var þrælum þjónað af herrum sínum.

Sigillaria var haldin í framhaldi af *Saturnalia* 21. og 22. desember, og var venja að búa til litlar gjafastyttur úr leir sem voru tileinkaðar Satúrnusi; einnig var þetta markaðsgata í Róm.

hann kom á sýningar og taka af sér skikkjurnar. [2] Einnig kaus öldungaráðið að honum yrði bætt í hóp presta Augustusar, sem vanalega voru kosnir með hlutkesti og síðar að hús hans, sem hann hafði misst í eldsvoða, yrði endurreist á kostnað hins opinbera og að auki að honum væri leyft að segja álit sitt meðal fyrrum ræðismanna. Þessari tillögu var hinsvegar hafnað og Tiberius afsakaði óstöðugleika hans og lofaði að bæta tjónið⁵⁸ með örlæti sínu. Áður en Tiberius lést, hafði hann samt nefnt Claudius meðal erfingja sinna á þriðja stigi að þriðjungi eigna sinna, þó hann hefði áður arfleitt hann að tveimur milljónum sesterta og mat hann jafn mikið og hersveitir, öldungaráðið og Rómarlýð, sem og önnur skyldmenni.

VII.

Það var svo loks í stjórnartíð Gaiusar,⁵⁹ frænda hans, sem hann gegndi ræðismannsembætti ásamt honum í tvo mánuði en Gaius reyndi í byrjun stjórnartíðar sinnar að ávinna sér vinsældir með öllum brögðum. Og það vildi svo til að þegar Claudius kom í fyrsta sinn á torgið með veldistáknin þá snerti örn sem átti leið hjá hægri öxl hans.⁶⁰ Einnig var hann kosinn til að sitja aftur í ræðismannsstól eftir fjögur ár⁶¹ og mætti nokkrum sinnum í stað Gaiusar á sýningar. Þar var hann hylltur af lýðnum ýmist með „heill sé frænda keisarans“ eða „heill sé bróður Germanicusar!“

VIII.

En ekki lifði hann lífinu laus við móðganir. Ef svo bar undir að hann kæmi aðeins of seint til máltíðar miðað við tilsettan tíma þá gat hann með erfðismunum fengið sér sæti eftir að hafa gengið hring eftir hring um kvöldverðarstofuna. Orðið var að vana hjá honum að dotta eftir máltíðina, þá var kastað í hann ólífú- og döðlusteinum, og sér til skemmtunar vöktu hirðfíflin hann upp með svipu eða staf. Þar sem hann lá og hraut voru þau líka vön að setja skó á hendur hans og þegar hann rumskaði skyndilega nuddaði hann andlit sitt með þeim.

IX.

Þó lenti hann líka í hættulegum aðstæðum. Í fyrsta lagi, í sjálfri ræðismannstíðinni, var honum næstum steyppt af stóli, af því hann hafði verið seinn að sjá um að

⁵⁸ Það að húsið hafði brunnið.

⁵⁹ Caligula. Hann var keisari á árunum 37-41.

⁶⁰ Þetta var hægt að túlka sem merki um að hann myndi komast til valda.

⁶¹ Gaius útnefndi fjölda ræðismanna í einu sem drógu um það hvenær þeir myndu gegna embætti.

samningar væru gerðir fyrir stytur Neros og Drususar, bróður Caligula, og að þeim væri fundinn staður og væru reistar. Því næst varð hann fyrir hinum ýmsu ákærum frá ókunnugum og jafnvel frá meðlimum heimilisins. Þegar samsæri Lepidusar og Gaetulicusar⁶² var loksins afhjúpað var hann sendur til Germaníu meðal sendiboða til að færa hamingjuóskir en lenti þá í lífshættu. Gaius var fullur reiði og gremju yfir því að föðurbróðir sinn, af öllum mönnum, hafi verið sendur til sín, eins og til drengs sem þyrfti tilsögn. Var þessi reiði svo mikil að ekki skortir þá menn sem segja að Claudiusi hafi verið varpað út í ána í fötunum sem hann hafði komið í. [2] Upp frá þeim tíma kvað hann upp dóm sinn seinastur meðal ræðismanna í öldungaráði, eftir að hafa verið spurður á eftir öllum í því skyni að lítillækka hann. Einnig var réttað í máli sem varðaði fölsun erfðaskrár en í því hafði Claudius sjálfur innsiglað skjalið. Loks neyddist hann til að borga áttatíu sinnum hundrað þúsund sesterta fyrir inngöngu í nýtt prestsembætti en það leiddi hann út í svo mikil fjárhagsvandræði að hann gat ekki borgað ríkissjóð skuldir sínar, og að skipun yfirmanna sjóðsins voru eignir hans settar á sölu til að borga eftirstöðvar skuldarinnar.

X.

Hann hlaut keisaratign á 50. aldursári fyrir tilstilli undraverka eftir að hafa eytt mestum hluta ævinnar í áðurnefnda og þess háttar hluti. Þegar umsátursmenn Gaiusar boluðu lýðnum frá, undir því yfirskini að keisarinn þráði einveru, var Claudius innilokaður ásamt hinum og dró sig í hlé í herbergi sem kallaðist Hermaeum; og ekki löngu síðar, skelfingu lostinn yfir orðróm um morðið á Gaiusi, hraðaði hann sér til nálægra svala og faldi sig bak við tjöld sem héngu yfir dyrunum. [2] Óbreyttur hermaður sem hljóp til og frá á tilviljanakenndan hátt tók eftir honum í felum, þar sem fætur hans stóðu út undan tjöldunum. Af löngun til að vita hver hann væri dró hann tjöldin frá og fagnaði honum sem keisara eftir að Claudius hafði fallið á kné af ótta. Síðan leiddi hann Claudius til hinna félaga sinna sem voru ekki síður reiðir en í óvissu. Af þessum mönnum var hann settur í burðarstól, þar sem menn hans höfðu flúið, og örvæntingarfullur og hræddur var hann borinn til herbúðanna af mönnum sem báru hann á víxl. Lýðurinn sem kom á móti honum hafði samúð með honum eins og hann væri saklaus maður sem væri verið að leiða til refsingar. [3] Tekið var á móti honum innan víggarðanna og dvaldi hann um nóttina meðal varðmanna með þó nokkuð minni

⁶² Árið 39.

von⁶³ en traust. Því ræðismennirnir höfðu ásamt öldungaráðinu og borgarherfylkinu tekið yfir Forum Romanum og Capitolhæð í þeim tilgangi að varðveita sameiginlegt frelsi. Þegar einnig Claudius sjálfur var boðaður af lýðstjórnunum til ráðhússins til að gefa ráð um það sem virtist best í stöðunni, svaraði hann að sér væri haldið nauðugum. [4] En næsta dag var öldungaráðið seint fyrir í að fylgja eftir tilraunum þar sem að það hafði misst þolinmæðina yfir ósamkomulagi á milli þeirra sem settu fram hinar ýmsu lausnir; á meðan stóð lýðurinn í kring og kallaði á einn stjórnanda og nefndi hann með nafni. Leyfði Claudius þá vopnuðum hermönnum á fjöldasamkomu að sverja eið við nafn sitt og lofaði hverjum og einum 15.000 sestertum. Var hann með því fyrstur keisaranna til að nota mútur til að tryggja traust hermanna.

XI.

Þegar vald Claudiusar stóð föstum fótum taldi hann ekkert mikilvægara en að afmá minningu um þá tvo daga þegar menn höfðu íhugað að breyta stjórnarháttum. Þess vegna setti hann á þá löggjöf að allt sem hafði verið sagt og gert á þeim tíma væri fyrirgefið og félli í gleysku að eilífu, fyrir utan að nokkrir hermannaforingjar og hundraðshöfðingjar voru teknir af lífi en þeir voru meðal samsærismanna gegn Gaiusi. Þetta gerði hann bæði til að setja fordæmi og af því að hann vissi að þeir höfðu krafist þess að hann sjálfur yrði tekinn af lífi. [2] Þegar hann sneri aftur af skyldurækni við fjölskylduna sór hann engan eið sem hann taldi heilagri eða sem hann notaði oft en „Við Augustus.“ Hann sá til þess að Livia amma sín væri heiðruð á þann hátt sem hæfði guðunum og að vagn sem dreginn væri af fílum væri á hringleikunum að fyrirmynd Augustusar; einnig kom hann á fót opinberum athöfnum fyrir látna foreldra sína og að auki árlegum leikum á afmælisdegi föður síns og vagn fyrir móður sína sem leiddur var um hringleikasvæðið, og tók upp fyrir hana eftirnafnið Augusta, sem hún hafði hafnað þegar hún var á lífi. Claudius heiðraði bróður sinn⁶⁴ við hvert tækifæri og í minningu hans setti hann grískan gamanleik á svið í Napolisamkeppninni og veitti honum verðlaun eftir ákvörðun dómara. [3] Hann slepti því ekki einu sinni að heiðra Marcus Antonius og að minnast hans með þakklæti í huga, þar sem hann hafði eitt sinn lýst því yfir að hann hafi óskað mjög eftir því að haldið yrði upp á fæðingardag Drususar föður hans, þar sem sá dagur var sá sami og fæðingardagur Antoniusar afa hans. Hann lauk við marmaraboga nálægt

⁶³ Von um að verða keisari.

⁶⁴ Germanicus.

leikhúsi Pompeiusar sem var tileinkaður Tiberiusi en það hafði eitt sinn verið ákveðið af öldungaráðinu en fallið í gleysku. Þó Claudius hafi ógilt allar gjörðir Gaiusar þá bannaði hann að dánardagur hans yrði tekinn í tölu hátíðisdaga jafnvel þó sá dagur hafi markað upphafið að stjórnartíð hans.

XII.

Aftur á móti var Claudius hógvær og yfirlætislaus þegar kom að því að auka við vald sitt, og hélt sér frá því að taka sér fornafnið *Imperator*.⁶⁵ Auk þess neitaði hann of miklum viðurkenningum sér til heiðurs og fagnaði brúðkaupi dóttur sinnar og afmælisdegi barnabarns síns á lágstemmdan hátt og aðeins með einkahátíðarhöldum. Hann afturkallaði engan úr útleið nema með leyfi öldungaráðsins. Hann bað um sem greiða að fá að leiða yfirmann lífvarðarsveitar keisarans og lýðstjórana með sér í ráðhúsið svo að það sem umboðsmennirnir ákvæðu væri löglegt þegar þeir dæmdu.

[2] Hann bað ræðismenn um leyfi til að stunda viðskipti á einkaeign sinni. Hann gegndi oft hlutverki ráðgjafa í yfirheyrslum yfir embættismönnum; hann stóð einnig upp fyrir þeim þegar þeir héldu sýningar og fagnaði ásamt lýðnum með hrópum og klöppum. Hann afsakaði sig fyrir lýðstjórum sem voru að flytja mál fyrir dómnum, þar sem Claudius heyrði ekki í þeim vegna mannfjöldans nema þeir stæðu upp. [3] Af þessum ástæðum vann hann sér inn svo mikla ást og góðvild á stuttum tíma, að þegar tilkynnt var að hann hefði látist eftir að setið hafði verið um hann á leið sinni til Ostia, þá varð lýðurinn skelfingu lostinn og hætti ekki að ráðast á hermenn eins og þeir væru svikarar og á öldungaráðsmenn eins og morðingja með skelfilegum formælingum, þangað til fyrst einn eða tveir menn, og síðar fleiri, voru leiddir á fundarpall af embættismönnum og staðfestu að hann væri heill á húfi og væri á leiðinni til baka.

XIII.

Ekki hélt hann út allt til enda án þess að hafa reynslu af svikum, heldur var ráðist á hann af einstaklingum, samsæri bruggað gegn honum og að lokum lenti hann í borgarastríði. Alþýðumaður var gripinn glóðvolgur með kuta nálægt svefnstað hans; tveir menn úr röðum riddara voru fundnir í felum þar sem þeir sátu um hann á opinberum stöðum vopnaðir exi og veiðihníf; annar sat fyrir honum þegar hann kæmi úr leikhúsinu, hinn þegar hann stæði upp við fórnfæringar í Marshofinu. [2] En Gallus

⁶⁵ Aðeins Augustus hafði gert þetta að sínu *praenomen*.

Asinius og Statilius Corvinus, afkomendur ræðumanna Pollio og Messalla, hugðu á byltingu, með hjálp fjölmargra leysingja og þræla úr hans eign. Furius Camillus Scribonianus landstjóri í Delmatíu⁶⁶ hóf borgarastríð en hann var yfibuður af herdeildum innan fimm daga, því þeir sem höfðu svarið hollustu sína við hann skiptu um skoðun og iðruðust af trúarlegum ótta. Eftir að þeim var tilkynnt að þeir ættu að halda för áfram til hins nýja hershöfðingja gerðist nokkuð, sem gæti hafa verið vegna íhlutunar guðanna, en það var að ekki var hægt að skreyta örninn né taka upp gunnfánann og færa hann.⁶⁷

XIV.

Claudius gegndi ræðismannsembættinu í fjögur kjörtímabil⁶⁸ til viðbótar við hið fyrsta, og af þessum fjórum voru tvö fyrstu samfelld, en þau sem fylgdu á eftir voru hvort með fjögurra ára hléi, hið seinasta í sex mánuði, það síðara í tvo mánuði, en það þriðja var hann kosinn í stað ræðismanns sem hafði látist, sem hafði ekki gerst áður í tilviki keisara. Hann fylgdi réttlætinu á hinn ötulasta hátt bæði sem ræðismaður og þess utan, jafnvel á hátíðisdögum sínum og manna sinna og stundum á fornum hátíðisdögum og dögum sem viðskipti voru bönnuð. Hann fylgdi ekki alltaf því sem lögin sögðu, dæmdi oft alvarleika eða léttvægi margra mála eftir því sem honum sjálfum þótti gott og réttlátt; hann gaf leyfi fyrir því að réttað yrði í annað sinn í máli þeirra manna sem höfðu tapað þeim fyrir einkadómurum með því að biðja um meira en lögin höfðu mælt fyrir um. Einnig þyngdi hann refsingu sem hafði verið sett af lögum þegar hann dæmdi að þeir sem höfðu verið fundnir sekir um hræðilega glæpi skyldi vera kastað fyrir villidýr.

XV.

En þegar hann flutti og dæmdi í málum var hann undarlega ósamkvæmur sjálfum sér í háttalagi, ýmist varkár og kænn, þess á milli óskynsamur og fljótfær og einstaka sinnum léttúðugur og líkt og hann hefði misst vitið. Þegar hann fór yfir lista yfir skiptingu dómara þá tók hann mann úr umferð sem hafði boðið sig fram án þess að gefa upp að hann væri friðhelgur vegna fjölda barna sem hann átti, á þeim grundvelli að hann hefði mikla ástríðu fyrir sæti sínu í dómnum; en annar, sem hafði verið

⁶⁶ Austan við Adríahafið. Herdeildir þeirra voru næstar Róm.

⁶⁷ Örninn var skreyttur með blómsveigum, og markaði athöfnin nýja stjórnartíð. Það þótti einnig slæmur fyrirboði ef erfitt var að taka gunnfánann úr jörðu.

⁶⁸ Árin 42, 43, 47 og 51.

spurður álits af andstæðingum sínum vegna eigin lögsóknar, staðfesti ekki að þetta mál ætti að fara fyrir venjulegan rétt og Claudius neyddi manninn samt til að koma með málið fyrir sig og sagði að maðurinn myndi sýna í málum sem snertu hans eigin hagsmuni hversu góður dómari hann yrði í málum annarra. [2] Hann neyddi konu til að giftast syni sínum til að neyða hana til að játa, af því hún neitaði að viðurkenna að hann væri hennar eigin, þar sem sönnunargögn voru ótraust frá báðum hliðum. Þegar einn hópur í lögsókn var fjarverandi dæmdi hann hiklaust þeim sem viðstaddir voru þeim í hag, án þess að huga að því að fjarveran gæti verið honum að kenna eða af nauðsyn. Einu sinni þegar kallað var að hendur falsara ættu að vera höggnaðar af, skipaði Claudius strax að böðull yrði kallaður fram með hníf og kjötöxi. Í máli útlendinga reis upp ómerkileg deila milli lögsækjenda hvort þeir ættu að verja mál sitt í tóga eða í grískri skikkju; en Claudius vildi sýna algjört hlutleysi sitt og lét hann hinn ákærða skipta oft um klæðnað, eftir því hvort ákærandinn eða verjandinn væru að fara með ræður sínar. [3] Í einu máli er því meira að segja trúað að hann hafi lesið upp úr fyrirfram skrifuðu skjali en í því stóð að hann dæmdi þeim í hag sem höfðu sagt sannleikann. Og vegna þessara hluta fékk hann á sig svo illt orð að hann var almennt og opinberlega fyrirleitinn. Maður nokkur sem Claudius hafði kallað á úr skattlandinu til vitnisburðar var afsakaður af manni nokkrum sem sagði að hann gæti ekki verið viðstaddur og gaf lengi vel enga ástæðu fyrir því; síðar, eftir langar yfirheyrslur sagði hann „Hann er dæinn; ég held að það sé lögleg ástæða.“

Annar maður, þegar hann færði keisaranum þakkir fyrir að leyfa sér að verja skjólstæðing sinn, bætti við: „Og samt gengur þetta yfirleitt svona fyrir sig“.

Ég var líka vanur að heyra þetta frá eldri mönnum, að málafærslumenn hefðu verið vanir að reyna svo mjög á þolinmæði hans að þegar hann var að fara af ræðupalli þá kölluðu þeir ekki aðeins á hann að koma til baka heldur gripu í kögur tógans eða í fót hans. [4] En svo að þetta kæmi engum undarlega fyrir sjónir, þá sagði grískur málafærslumaður eftirfarandi orð á móðurmáli sínu: „Einnig þú ert gamall og kjánalegur líka.“⁶⁹ Það er almenn vitneskja að rómverskur riddari sem var sakaður um ósvífni í garð kvenna, en var ranglega sakaður um ákæru sem ófyrirleitnir andstæðingar hans fundu upp, að þegar hann sá ótíndar vændiskonur kallaðar saman sem vitni gegn sér og tekið væri mark á þeim, hafi hann þá kastað skriffærum og

⁶⁹ Þýðing á gr. καὶ σὺ γέρον εἶ καὶ μωρός.

töflum, sem hann hélt á í höndum sínum, af svo mikilli heimsku og grimmd í andlit keisarans að kinn hans skarst alvarlega í sundur.

XVI.

Claudius gegndi líka embætti *censors*⁷⁰ sem hafði fyrir löngu verið lagt niður eftir að Plancus og Paulus höfðu gegnt því embætti.⁷¹ Í þessu hlutverki sýmdi hann líka mismunandi háttalag og var ósamkvæmur sjálfum sér í hugsun og gjörðum. Í rannsókn á rómverskum riddurum sendi hann burt ungan mann, fullan af skömm, án þess að skemma mannorð hans vegna þess að faðir ungmennisins sagði að hann væri mjög heiðarlegur og sagði að hann hefði sinn eigin censor; hann áminnti lítillaga annan alræmdan fyrir spillingu og hórdóm til þess að hann annaðhvort yrði hófsamari eða í það minnsta varkárari og bætti við: „Af hverju ætti ég að vita hvaða ástkonu þú hefur?“ Og þegar hann hafði þvegið nafn manns af orðspori svívirðu bætti hann við að beiðni aðstandenda. „Megi það sjást að þurrkað hafi verið út.“ [2] Hann tók út af listanum háttsettan mann í Grikklandi, en sem þekkti ekki latneska tungu, ekki aðeins út af lista dómara heldur skráði hann í tölu útlendinga. Og ekki leyfði hann að nokkur talaði sér til varnar nema með eigin orðum, eins vel og hann gæti, og án hjálpar verjenda. Hann setti marga á svartan lista,⁷² suma sem bjuggust ekki við því og vegna ástæðu af nýju tagi sem var sú að þeir hefðu farið frá Ítalíu án hans vitneskju og formlegs leyfis;⁷³ einnig mann nokkurn sem hafði verið í fylgdarliði konungs í skattlandi Claudiusar, og rifjaði upp tíma forföðurins Rabiriusar Postumusar sem hafði verið ásakaður um föðurlandssvik af því hann hafði fylgt Ptolemaiosi til Alexandríu til að endurheimta lán. [3] Hann reyndi að smána fleiri en fann út að þeir væru saklausir. Vegna vanhugsunar þeirra sem rannsökuðu og sér til mikillar skammar, gátu allir sem hann hafði ásakað fyrir skírlífi, barnleysi eða fátækt sannað að þeir væru eiginmenn, foreldrar eða afar auðugir; einnig gat maður nokkur, sem var sagður hafa rekið sig í gegn með sverði, klætt sig úr öllum fötum og sýndi ósærðan líkamann. [4] Einnig var hann ábyrgur fyrir fleiri markverðum hlutum í embættistíð sinni. Hann skipaði að silfurvagn sem var dýr í smíði, og var seldur í Sigillariu, yrði keyptur aftur og tekinn í sundur fyrir allra augum; á einum degi gaf hann út 20

⁷⁰ Í víðasta skilningi orðsins sáu *censurar* um að vernda siðferði í samfélaginu og gátu beitt neitunarvaldi á ýmsar ákvarðanir embættismanna.

⁷¹ Þeir gegndu embætti árið 22 en Claudius árið 48.

⁷² Með því að merkja menn með lat. *nota* var nafn þeirra þá markað svívirðu.

⁷³ Öldungaráðsmenn og synir þeirra höfðu ekki leyfi til að yfirgefa Ítalíu án þess að vera í fylgd með hernum eða herforingjum. Upphaflega veitti öldungaráðið þetta leyfi, en keisararnir tóku það svo að sér.

yfirlýsingar, en á meðal þeirra voru tvær markverðar; í annarri ráðlagði hann að þar sem uppskeran af vínekrunum væri næg ætti að festa krukkurnar með biki og í hinni sagði hann að engin lækning væri jafn áhrifamikil við slöngubiti en safi úr ýviði.

XVII.

Hann hélt aðeins í einn herleiðangur en hann var ekki stór í sniðum. Þegar öldungaráðið veitti honum heiðursmerki um sigur hélt hann að það væri fyrir neðan virðingu keisara og vildi dýrð skrudgöngu sem væri við hæfi, og kaus hann því Britanníu besta staðinn til að öðlast hana, sem enginn hafði reynt við síðan hinn guðlíki Iulius reyndi það⁷⁴ og var á þeim tíma í upplausnarástandi vegna þess að neitað var að skila nokkrum liðhlaupum. [2] Á siglingu þangað frá Ostíu, týndi Claudius næstum lífi sínu tvisvar í öflugum norðvestanvindum nálægt Liguríu, rétt hjá Stochadaeyjum. Þessvegna hélt hann landleiðis frá Massalíu alveg til Gesoriacum⁷⁵, fór þar yfir en án nokkurrar orustu eða blóðsúthellinga og innan örfárra daga fékk hann hluta eyjarinnar í uppgjöf. Hann sneri aftur til Rómar innan sex mánaða frá því hann lagði af stað þaðan og fagnaði hann á mjög glæsilegan hátt. [3] Til að verða vitni að þessari sýn leyfði hann ekki aðeins skattlandsstjórum að koma til borgarinnar heldur líka nokkrum útlögum; og meðal herfanga óvínarins var skipstrjóna sem hann festi á gafl húss síns á Palatínhæð við hliðina á borgaralegu krúnunni, sem merki um að hann hafði farið yfir Heimshafið og þar með sigrað það. Messallina, eiginkona hans fylgdi á hestvagni vagni hans eftir; einnig þeir eltu sem höfðu hlotið heiðursmerki um sigur í þessu sama stríði. Hinir fylgdu fótgangandi á eftir klæddir tóga, fyrir utan M. Crassus Frugi sem var á skreyttum hesti og klæddist pálmaskrýddum klæðnaði, þar sem honum hlotnaðist heiðurinn í annað sinn.

XVIII.

Hann var alltaf áhugasamur um öryggi borgarinnar og kornbirgðir. Þegar mikill eldsvoði geisaði í Aemiliana,⁷⁶ dvaldi hann í Diribatorium⁷⁷ í tvær nætur og vegna þess að hjálp skorti frá stórum hóp hermanna hans og þræla kallaði hann saman almenning úr öllum borgarhverfum fyrir tilstilli embættismanna. Eftir að hafa fyllt

⁷⁴ Árin 55 og 54 f. Kr.

⁷⁵ Í dag eru þetta Marseille og Boulogne-sur-Mer.

⁷⁶ Ekki er alveg víst hvar þetta fátækrahverfi var staðsett en líklegast í syðri hluta Marsvallar. Þessi eldsvoði hefur líklegast verið árið 53.

⁷⁷ Staðsett á Marsvelli þar sem kosningar voru haldnar og kjörseðlar taldir. Stærsta bygging sem öll var með þaki. Agrippa hóf byggingu þess en Augustus lauk verkinu árið 7 f. Kr.

körfur af peningum handa þeim, hvatti hann þá til að koma til hjálpar, með því að borga sérhverjum verðug laun fyrir hjálpina. [2] Eitt sinn þegar korn skorti vegna þrálátra uppskerubresta, var hann stöðvaður á miðju torginu af skríl og ráðist var á hann með fúkyrðum og brauðbitum á sama tíma. Af þessu leiddi að hann megnaði erfiðlega að flýja til Palatínhæðar gegnum bakdyr. Hann hugsaði um allt sem var mögulegt að flytja inn, jafnvel yfir vetrartímamann. Hann lofaði sölumönnunum vissu um hagnað ef þeir yrðu fyrir tjóni, ef eitthvað henti einhvern vegna veðurs og bauð þeim sem smíðuðu verslunarskip háar upphæðir í samræmi við lagalega stöðu hvers og eins.

XIX.

Hann veitti borgara friðhelgi frá *Papia Poppaea* lögnum⁷⁸; Latverja rétt rómverskra borgara,⁷⁹ og konum rétt kvenna sem áttu fjögur börn.⁸⁰ Þessi forréttindi eru enn við lýði í dag.

XX.

Hann ýtti úr vör mikilfenglegum opinberum framkvæmdum sem voru ekki svo margar en mikilvægar, en nefna má sérstaklega eftirfarandi; vatnsleiðslu sem Gaius hafði byrjað á, einnig útrennsli frá Fucinusarvatni og Ostiahöfninni, jafnvel þó hann vissi að af þessum tveimur hafði Augustus neitað hinu fyrra þó að Marsíar⁸¹ hefðu beðið um það statt og stöðugt; en hitt hafði oft verið ákveðið af hinum guðlega Iuliusi en hætt var við það vegna örðugleika. Hann leiddi inn í borgina á steinbogum, svalar og ríkulegar uppsprettur hinnar claudísku vatnsleiðslu, ein heitir Caerulus og hin Curtius og Aludignus, og á sama tíma uppsprettu hinnar nýju Anio. Með þessu skipti hann þeim niður í mörg verulega falleg vötn. [2] Hann hófst handa við Fucinusarvatn með ekki minni von um hagnað heldur en dýrð, þar sem einhverjir samþykktu að þurrka það upp á eigin kostnað ef einhverjir létu honum þurrkaðan akurinn í té. Hann lauk með mikilli erfiðisvinnu við útrennslið sem var þrjú þúsund skref á lengd, að hluta með því að grafa í fjall og að hluta með því að grafa göng. Því var lokið eftir

⁷⁸ *Lex Papia Poppaea* var komið á árið 9 til að hvetja til og styrkja hjónabandið. Í þeim voru ákvæði gegn framhjáaldi og skírlífi og bættu upp lög Augustusar frá árinu 18 f. Kr. - *Lex Iulia de maritandis ordinibus*.

⁷⁹ Í textanum stendur *Ius Quiritium* sem var gamalt orðalag um borgaraleg réttindi rómversks borgara.

⁸⁰ Í þessu fólust forréttindi fyrir frjálsbornar konur sem áttu þrjú börn og fyrrverandi ambáttir sem áttu fjögur börn.

⁸¹ Samnátaþjóðflokkur sem bjó nálægt Fucinusarvatni.

ellefu ár, þó að hann hefði 30 þúsund menn að vinnu samfellt án nokkurra vaktaskipta. [3] Hann byggði Ostiahöfn sem var umkringd varnargarði til vinstri og hægri en fyrir innganginn setti hann hafnargarð til að verja mynni hafnarinnar í hafdjúpi; í því skyni að gera betri grunn, sökkta hann skipinu sem hin mikla óbeliska hafði verið flutt í frá Egyptalandi.⁸² Eftir að hafa fest súlurnar saman, byggði hann á þeim mjög háan turn með Pharosinn frá Alexandríu sem fyrirmynd svo þær stýrðu ferðum skipa með nætureldum.

XXI.

Hann útteildi oft matar- og peningagjöfum⁸³ til alþýðunnar. Einnig setti hann upp fjölmargar stórkostlegar sýningar, ekki aðeins þær venjulegu og á hinum hefðbundnu stöðum heldur sumar nýjar af nálinni og aðrar endurvaktar frá fornri tíð og á stöðum sem enginn hafði haldið þær á undan honum. Hann opnaði leikana sem voru tileinkaðir Pompeiusarleikhúsinu, sem hann hafði endurreist eftir bruna, frá hásæti í orkestrunni þegar hann hafði fyrst fært fórnir í hofunum sem voru efst uppi⁸⁴ og hafði komið niður í gegnum áhorfendapallana á meðan allir sátu þögulir. [2] Claudius hélt líka upp á Aldamótaleika,⁸⁵ með þeim rökum að þeir hefðu verið haldnir of snemma af Augustusi og ekki verið geymdir til lögmætra tíma. Þó skrifar hann í sögum sínum að þegar þeim hafi verið sleppt allengi, hafi Augustus endurvakið þá eftir að hafa reiknað út hlé árána vel og vandlega. Þess vegna var hæðst að rödd kallarans þegar hann bauð fólki síðnum samkvæmt til leikanna „sem enginn hafði séð né nokkur mundi nokkurn tímann sjá“, þar sem enn voru nokkrir menn á lífi sem höfðu séð þá og einnig voru nokkrir leikarar sem höfðu komið fram þá, sem komu fram einnig nú. Oft hélt hann hringleika á Vatíkanhæð, þar sem villidýrum var sleppt og voru elt á milli hverra fimm kapphlaupa. [3] Að auki útbjó hann Circus Maximus með startholum úr marmara og gylltum endamörkum, en áður höfðu þau verið úr kalkhrúðri og viði. Einnig útvegaði hann öldungaráðsmönnum sæti við hæfi en þeir höfðu verið vanir að horfa á leikana ásamt almenningi; til viðbótar við

⁸² Hún var flutt af Gaiusi Caligula frá Heliopolis. Hún stendur nú fyrir framan Péturskirkjunni í Róm.

⁸³ Í textanum stendur *congiaria* en það voru upphaflega olíu-eða víngjafir frá verndara til skjólstaðings síns. Síðar varð það að peningagjöfum og voru upphæðirnar mismunandi en 300 sestertar voru algengir.

⁸⁴ Pompeius hafði sett hof Venusar Victrix á topp leikhúss síns þannig að sætin mynduðu aðkomu að því.

⁸⁵ *Ludi Saeculares* átti manneskja einungis að sjá einu sinni á lífstíð sinni. Það voru þrjár ákveðnar forverar (249, 146 og 17) en aðeins einn skipti máli, sá síðasti, sem Augustus endurvakti. Leikarnir sem Claudius hélt voru haldnir árið 47 þegar hann var ræðismaður.

kerrukapphlaupin bætti hann Trójuleiknum⁸⁶ við og líka pardusdýrum, sem voru elt af hópi riddara úr lífvarðasveit, undir stjórn hermannaforingja og praefectsins sjálfs; einnig sýndi hann reiðmenn frá Þessalíu, sem leiddu villt naut hringinn í kringum svæðið, og köstuðu sér á þau þegar þau þreyttust og hentu þeim niður á hornunum.⁸⁷

[4] Hann hélt skylmingaþrælasýningar á mörgum mismunandi stöðum og af allskonar gerðum: eina í árlegum fögnuði vegna embættistöku hans í praetorsbúðunum og var hún án dýraveiða og fíns útbúnaðar, og eina í Saepta⁸⁸ sem var venjuleg og reglum samkvæm. Hann hélt einnig aðra á sama stað sem var óvenjuleg og sem entist aðeins í fáa daga, sem hann byrjaði á að kalla *sportulu*⁸⁹-litla körfu- því áður en hann hafði gefið þetta nafn hafði hann sagt að það mætti segja að hann byði almenningi fljótútbúna og fljótgerða kvöldmáltíð. [5] Hann var svo alþýðlegur og frjálslýndur á þessum hátíðum að hann rétti fram vinstri höndina, eins og alþýðan gerir, og taldi á fingrum sínum upphátt þá gullpeninga sem sigurvegarar fengu. Og með því að hvetja og biðja uppskar hann hlátrasköll manna, með því að kalla þá herra af og til, og blandaði inn í það beittu og langsóttu spaugi; t.d. þegar þeir báðu um Palumbus⁹⁰ þá lofaði hann að færa þeim hann ef hann yrði fangaður. Eftirfarandi var hinsvegar mjög heilbrigt og við hæfi: þegar hann hafði, með stuðningi frá öllum, fært skylmingaþræl trésverðið⁹¹ þar sem fjórir synir þrælsins báðu um það fyrir hans hönd, þá sendi Claudius strax út tilkynningu þar sem hann minnti fólk á hversu mikilvægt það væri að eignast börn, þar sem þau færðu jafnvel skylmingaþræl stuðning og velþóknun. [6] Á Marsvelli setti hann einnig á svið yfirtöku og rán á borg eins og um alvöru stríð væri að ræða og líka af uppgjöf konunga Britanníu og sat hann þar sjálfur í klæðum hershöfðingja. Jafnvel líka þegar hann var að fara að ræsa fram Fucinusarvatn lét hann sviðsetja sjórorustu á undan. Þegar sjóliðarnir hrópuðu: „Heill sé þér keisari! Við heilsum þér sem erum að fara að deyja“ svaraði hann „Eða ekki.“⁹² Eftir þessa

⁸⁶ Sviðsetning á Trójustríðinu sem ungmenni af efstu stétt settu á svið. Iulius Caesar, Augustus og Caligula höfðu einnig sett það á svið.

⁸⁷ Nautakast var íþrótt sem var kynnt til Rómar frá austrinu af Caesari. Í latneska textanum er sögnin í nútíð þar sem gæti verið að hann hafi þurft að útskýra leikinn sem var ókunnur.

⁸⁸ Saepta var staður þar sem borgarar söfnuðust saman til að kjósa. Kosningastaður fyrir *comitia centuriata* á Marsvelli. *Comitia centuriata* höfðu framkvæmdavald, kusu ræðismenn, praetora og censora, lýstu yfir stríði og stríðslokum og gátu framkvæmt dauðarefsingu í ýmsum tilfellum.

⁸⁹ Matargjafir sem verndarar gáfu skjólstæðingum sínum.

⁹⁰ *Palumbus* var gælunafn skylmingaþræls en orðið þýðir einnig viðardúfa. Hér er því um orðaleik að ræða.

⁹¹ Fært skylmingaþræli sem sestur var í helgan stein og sem gat svo orðið leiðbeinandi.

⁹² “Að fara að deyja.” Hér má sjá dæmi um lélega kímningáfu Claudiusar. Ef hann sagði þetta í raun mætti halda að sumir yrðu nógu heppnir að lifa af til að verða náðaðir, en þeir sem voru að berjast héldu að hann meinti að enginn þyrfti að óttast dauðann.

setningu vildi enginn berjast þar sem hann hafði þegar náðað þá. Claudius var lengi í vafa um hvort hann ætti að tortíma öllum með eldi og sverði, þar til hann mjakaði sér loks úr sæti sínu og hljóp meðfram árbakkanum með sínu ljóta haltrandi göngulagi og hvatti hann þá til orustu að hluta til með hótunum og að hluta með hvatningu. Á þessari sýningu mættust flotar frá Sikiley og Rhodos, hvor með tólf þríreimar, og var merki gefið úr Trítónhorni⁹³ úr silfri sem hafði risið upp úr miðju vatninu með tæknibúnaði.

XXII.

Hvað varðar trúarathafnir, borgaralegan sið og hermannaasiði, sem og stöðu allra stétta bæði heima og heiman, þá annaðhvort breytti hann eða endurvakti þá sem voru úreltir eða setti á fót alveg nýja. Þegar átti að vígja presta inn í félagsskap útnefndi hann aldrei neinn nema hann hefði svarið eið. Hann sá til þess af mikilli nákvæmni, hvenær svo sem jarðskjálfti var í borginni, að praetorinn kallaði saman fundi og lýsti yfir hátíðisdegi.⁹⁴ Einnig sá hann til þess að hann hefði eitthvað til fórnar þegar slæmur fuglaspádómur sást á Capitolhæð. Þá ætlaði hann sjálfur að hætti æðstaprests að tilkynna lýðnum þetta úr ræðupalli eftir að hópur verkamanna og þræla hafði verið skipað í burtu.

XXIII.

Claudius gerði þann tíma sem réttur var haldinn samfelldan, en áður hafði honum verið skipt í vetrar- og sumartíð. Hann fól dómssvald varðandi fjárumssýslu, sem voru vanalega aðeins falin dómurum einu sinni á ári, ráðamönnum í skattlöndunum um ókomna tíð. Hann gerði að engu klausu í *Papia Poppaea* lögunum, sem hafði verið bætt við af Tiberiusi keisara, þar sem kveðið var á um að menn á sextugsaldri mættu ekki eignast börn. [2] Hann setti þau lög að munaðarleysingjum væru gefnir forráðamenn af ræðismönnum en það var í andstöðu við venju, og að þeir sem höfðu verið reknir úr skattlandi af ráðamönnum ætti einnig að vera meinaður aðgangur að borginni sem og Ítalíu. Hann bannaði þeim einnig að fara lengra en þrjár mílur úr borginni en það var að nýju fordæmi. Þegar Claudius tók þátt í málum af stærri toga í

⁹³ Trítón (gr. Τρίτων) var sonur sjávarguðsins Poseidons í grískri goðafræði. Í *Ummyndunum* Óvíds blæs Trítón í *cava bucina* þegar hann skipar hafinu að hörfa og hefur það verið fyrirmyndin að þessum atburði hér.

⁹⁴ Hamfarirnar höfðu í för með sér *ad hoc* hátíðisdag, dag þar sem átti að sættast við þann guð sem olli þeim.

þinghúsinu settist hann milli ræðismannanna tveggja eða á bekk lýðstjórans. Hann tók einnig að sér að veita leyfi til að ferðast sem hafði áður verið forréttindi öldungaráðsins.⁹⁵

XXIV.

Hann gaf líka *ducenariis*⁹⁶ embættismönnum heiðursmerki ræðismanna. Einnig svipti hann þá sem neituðu einhverri öldungaráðsstöðu líka stöðu riddara. Hann veitti þó leysingjasyni líka leyfi til að skarta breiðri rönd⁹⁷ þó að hann hefði í byrjun lýst því yfir að hann myndi aldrei skipa neinn í stöðu öldungaráðsmanns nema hann væri afkomandi rómversks borgara, og leyfði hann þetta bara miðað við þá reglu að leysingjasonurinn væri fyrst ættleiddur af rómverskum riddara; og jafnvel þá, hræddur við gagnrýni, sagði hann frá því að censorinn Appius Caecus,⁹⁸ forn ættfaðir sinn, hafi valið syni leysingja í öldungaráðið, óafvitandi um að á tímum Appiusar og í einhvern tíma eftir það að hugtakið *leysingjar* hafði ekki verið notað um þá sem voru leystir úr þrældómi, heldur um börn sem að þeir höfðu eignast.⁹⁹ [2] Hann innleiddi inn í verkahring quaestora að halda keppni skylmingaþræla í staðinn fyrir að steinleggja göturnar og eftir að hafa svipt þá skyldum sínum í Ostia og Gallíu gaf hann þeim aftur umsjón með Satúrnusarsjóði¹⁰⁰ sem hafði á meðan verið stjórnað af praetorum eða fyrrverandi praetorum eins og er á okkar tímum. [3] Hann gaf Silanusi, unnusta dóttur sinnar, heiðursmerki um sigur, en hann var ennþá unglingur. Einnig veitti hann eldri mönnum þetta sama svo oft og svo auðveldlega að bréf var birt í sameiginlegu nafni herdeildanna þar sem þær báðu um að ræðismönnum í sendiför væri gefið sigurmerki á sama tíma og herinn svo þeir leituðu ekki ástæðu fyrir stríði á hvaða hátt sem var. Hann veitti Aulusi Plautiusi einnig hátíðarskrúðgöngu, fór til móts við hann þegar hann fór inn í borgina og þegar hann fór til Capitolhæðar og þegar hann fór þaðan

⁹⁵ Í lögum frá 45 var kveðið á um að öldungaráðsmenn mættu ekki ferðast yfir ákveðna vegalengd frá Róm án leyfis.

⁹⁶ *Procuratores* voru embættismenn keisarans sem gegndu allskyns stjórnunarstöðum í veldi hans. Þeir voru meðlimir í riddarastétt og voru flokkaðir eftir þeim launaflokki sem þeir voru í. Til voru *trecenarii*, *ducenarii*, *centenarii* og *sexagenarii*. *Ducenarii* fengu 200.000 sesterta í árslaun.

⁹⁷ Claudius leyfði þeim að skarta hinni breiðu, fjólubláu rönd á tógum sínum en sá heiður hlotnaðist aðeins öldungaráðsmönnum og sonum þeirra.

⁹⁸ Appius Claudius Caecus gegndi embættinu árið 321.

⁹⁹ Þ.e. þau börn sem þeir eignuðust eftir að þeir voru leystir úr þrældómi.

¹⁰⁰ Ríkissjóður sem var staðsettur í Satúrnusarhofi á Rómartorgi.

aftur gekk hann vinstra megin við hann.¹⁰¹ Hann leyfði Gabiniusi Secundusi að taka upp eftirnafnið Cauchius eftir að hafa sigrað Caucha, af germanskri ætt.

XXV.

Hann skipulagði herþjónustu riddaraliðsins þannig að á eftir herfylkinu fengju þeir stjórn yfir fylkingarvængnum en eftir það fengju þeir tribúnsvald yfir einni herdeild; hann kom líka á fót nokkurs konar tilbúinni herþjónustu, sem er kölluð „aukaliðar“ sem gat aðeins verið virkt að nafninu til og af fjarstöddum mönnum. Hann bannaði með öldungaráðssamþykkt að hermenn gengju inn í hús öldungaráðsmanna til að votta virðingu sína. Hann gerði upptækar eignir þeirra leysingja, sem hegðuðu sér eins og rómverskir riddarar. Þeir sem voru vanþakklátir og þeir sem fyrrum verndarar kvörtuðu yfir neyddi hann aftur í þrældóm. Einnig lýsti hann því yfir við þá sem töluðu þeirra máli að hann myndi ekki ákæra leysingja þeirra sjálfra. [2] Þegar einhverjir þrælaeigendur sýndu sjúka og dauðuppgefna þræla sína á eyju Aesculapiusar¹⁰² vegna vanda þess að sjá um þá, lýsti Claudius yfir að þeir væru allir frjálisir og ættu ekki að snúa aftur í umdæmi húsbóndans ef þeir væru orðnir frískir; en ef einhver vildi heldur drepa þræl en að yfirgefa hann væri hann ábyrgur fyrir morði. Hann setti á úrskurð um að ferðamenn mættu ekki fara í gegnum borgir Ítalíu nema fótgangandi, á stól eða í burðarstól. Hann setti eitt herfylki í Puteoli og annað í Ostíu til að koma í veg fyrir eldsvoða. [3] Hann bannaði mönnum af erlendum uppruna að nota rómversk nöfn, að minnsta kosti fjölskyldunöfn. Á Esquilinumvelli gerði hann þá höfðinu styttri sem hrifsuðu ólöglega til sín rómverskan borgararétt. Hann fól öldungaráðinu aftur umráð yfir skattlöndunum Achaiu og Makedóníu, en Tiberius hafði fært þau undir sitt vald. Hann svipti Lýkiúbúa sjálfstjórn sinni vegna blóðugra deilna sem þeir háðu sín á milli, en færði Rhodosbúum stjórn sína aftur þar sem þeir höfðu afplánað refsingu vegna gamalla glæpa. Hann færði Iliumsbúum lausn frá skattskyldu að eilífu á þeim grundvelli að þeir væru forfeður hins rómverska kyns, með því að lesa gamalt grískt bréf frá öldungaráðinu og Rómarlýð til Selevkusar konungs en þar lofuðu þeir vináttu og bandalagi, aðeins ef þeir héldu ættingjum sínum frá Ilíonsborg frá allri byrði. [4] Hann rak gyðinga frá Róm, þar sem þeir voru sífellt

¹⁰¹ Þetta gaf til kynna mikla virðingu og upphæð.

¹⁰² Trú á Aesculapius, guð lækningarinnar, var flutt til Rómar frá Epidauros sem viðbrögð við plágu sem geisaði árið 293 og var hof honum til heiðurs byggt á eyju í Tíber.

með uppþot að hvatningu Krists.¹⁰³ Hann leyfði sendiboðum Germana að sitja í orkestrunni, heillaður af einfaldleika þeirra og sjálfstrausti; því þegar þeir höfðu verið leiddir í almenningssæti og höfðu séð Partha og Armena sitja í öldungaráðinu, færðu þeir sig að eigin frumkvæði á sama stað, og sögðu að dyggð þeirra og staða væri engu síðri. [5] Hann útrýmdi algjörlega hinum hræðilegu og ómannúðlegu trúarbrögðum Drúída meðal Galla sem höfðu verið bönnuð af Augustusi; hann reyndi að flytja helgidóminn í Eleusis frá Attíku til Rómar, og lét endurreisa hof Venusar Erycinu á Sikiley sem hafði hrunið til grunna í tímans rás og leyfði að notaður yrði ríkissjóður Rómarlýðs til þessa verks. Hann gerði bandalög konunga á torginu og fórnaði gyltu og fór með hina fornu þulu *fetial*prestanna.¹⁰⁴ En hann framkvæmdi ekki þessa hluti og aðra, í allri stjórnartíð sinni, að mestu leyti, vegna ágætis dómgreindar hans frekar en eiginkvenna hans og leysingja, þar sem hann hegðaði sér oftast í samræmi við óskir og þarfir þeirra.

XXVI.

Claudius trúlofaðist tvisvar á unga aldri: Aemiliu Lepidu, langalangafabarni Augustusar og svo Liviu Medullinu, sem hafði líka eftirnafnið Camilla, og var af hinni fornu ætt einvaldsins Camillusar.¹⁰⁵ Hann sleit trúlofuninni við þá fyrri áður en þau gengu í það heilaga, þar sem foreldrar hennar höfðu móðgað Augustus, en sú síðarnefnda lést úr veikindum daginn fyrir brúðkaupið. [2] Því næst giftist hann Plautiu Urgunanillu en faðir hennar hafði hlotið sigurgöngu og síðan Aeliu Paetinu, dóttur fyrrverandi ræðismanns. Hann skildi við báðar; við Paetinu fyrir léttvæg brot, en við Urgunanillu vegna lostafulls athæfis og gruns um morð. Eftir þetta giftist hann Valeriu Messallinu, dóttur Barbatúsar Messalla frænda síns. En eftir að hann komst að því að hún hafði gifst Gaiusi Siliusi ofan á önnur hneyksli og skammarlegar gjörðir og að samningur hafði verið innsiglaður fyrir augum vitna, dæmdi hann hana til dauða og lýsti því yfir í samkomu praetora að þar sem hjónabandið hefði farið svona í vaskinn, ætlaði hann að vera ókvæntur það sem eftir lifði. Ef hann stæði ekki við það, myndi hann ekki mótmæla því að vera líflátinn af þeim. [3] En ekki gat hann haldið sig frá að skipuleggja strax annað hjónaband, jafnvel við Paetinu sem hann hafði áður hafnað

¹⁰³ Suetonius skrifar *Chrestus*, og því er deilt um hvort hér sé átt við Jesú Krist eða mann með sama nafni, eða hvort um ritvillu sé að ræða.

¹⁰⁴ *Fetiales* var hópur 20 presta sem sáu um að framfylgja hefðbundnum aðferðum við upphaf og endi stríða. Í Róm ráðlögðu þeir öldungaráðinu í málum varðandi stríð og frið og höfðu þeirra eigin lagahefð.

¹⁰⁵ M. Furius Camillus (um 446 – 365 f. Kr.), sem gegndi embættinu á 4. öld f. Kr.

og síðan Lolliu Paulinu, sem hafði verið eiginkona C. Caesars. En Agrippina, dóttir Germanicusar bróður hans, tældi hann í ástarvef, með kossafleksi og blíðuhótum; og á næsta öldungaráðsfundi ýtti hann á öldungaráðsmenn að knýja hann til að ganga í hjónaband með henni, undir því yfirskini að það væri Rómarlýð fyrir bestu. Hann sá einnig til þess að öðrum væri gefið leyfi til slíks hjónabands,¹⁰⁶ en fram að þessum tíma höfðu þau verið talin til sífjaspella. Og hann giftist henni eins fljótt og hægt var, án nokkurra sem fylgdu hans fordæmi, fyrir utan leysingja nokkurn og annan yfirhundraðshöfðingja og fagnaði Claudius sjálfur hjónavígslu hans ásamt Agrippinu.

XXVII.

Hann átti börn með þremur eiginkonum sínum; Drusus og Claudiu með Urgunanillu, Antoniu með Paetinu, og með Messallinu átti hann Octaviu og son sem hann nefndi fyrst Germanicus en síðar Britannicus. Hann missti Drusus þegar hann var að nálgast fullorðinsár, en hann kafnaði á peru sem var kastað upp í loft við leik og féll ofan í opinn munn hans, en fáum dögum áður hafði Claudius trúlofað hann dóttur Sejanusar. Og það er þess vegna sem ég undrast mjög að það hafi verið einhverjir sem sögðu hann hafa verið sviksamlega drepinn af Sejanusi. Claudia var dóttir Boter, leysingja Claudiusar, og þó að hún hafi fæðst á fimmta mánuði fyrir skilnaðinn og Claudius hafi nú þegar tekið við henni, þá skipaði hann að hún væri sett nakin fyrir utan dyr móður sinnar og borin út. [2] Hann gaf Antoniu Cn. Pompeiusi Magnusi¹⁰⁷ og síðan Faustusi Sulla, en þeir voru ungir menn úr mjög virtum fjölskyldum, og Octaviu gaf hann Nero stjúpssyni sínum¹⁰⁸, en hún var áður lofuð Silanusi. Britannicus fæddist á tuttugasta degi stjórnartíðar hans og í annarri ræðismannstíðinni.¹⁰⁹ Þegar hann var enn þá mjög ungur tók Claudius hann oft í fang sitt á samkomum hermanna og fyrir framan almenning á sýningum og hélt á honum í kjöltu sér eða hélt honum upp með útréttum höndum. Var honum óskað farsælum fyrirboðum og var því fylgt eftir af fagnandi fjölda. Af tengdasonum sínum ættleiddi hann Nero, en ekki aðeins afneitaði hann Pompeiusi og Silanusi heldur dæmdi þá til dauða.

¹⁰⁶ Á milli föðurbróður og bróðurdóttur.

¹⁰⁷ Þau voru gift árið 41, hún 12 ára en hann 17 ára. Hann var sonur M. Liciniusar Crassusar Frugi.

¹⁰⁸ Octavia og Nero trúlofuðust árið 48 eftir að Claudius og Agrippina giftust. Þau fyrrnefndu giftust árið 53. Claudius hafði ættleitt Nero og þar með voru hann og Octavia lögum samkvæmt systkin. Til að komast hjá sífjaspelli var Octavia ættleidd inn í aðra fjölskyldu. Nero skildi við hana árið 62 og lét taka hana af lífi.

¹⁰⁹ Þessi dagsetning virðist vera röng, þar sem hann gegndi embættinu árið 42, ekki 41. Hægt er að finna villuna hjá Dio, sem var annaðhvort undir áhrifum þessa texta eða fór eftir texta sem innihélt þessa villu.

XXVIII.

Af leysingjum sínum bar Claudius sérstaka virðingu fyrir geldingnum Posidesi, en fyrir sigur sinn í Britanníu veitti hann honum heiðursspjót,¹¹⁰ sem hann veitti hermönnum. Ekki bar hann minni virðingu fyrir Felix, sem hann setti sem leiðtoga yfir herfylkingum og riddaraliðum sem og skattlandinu Júdeu, og gifti hann þremur prinsessum.¹¹¹ Að sama skapi hélt hann upp á Harpocras, en Claudius gaf honum vagn til að fara um borgina og til að halda sýningar á almannafæri. Þó bar hann meiri virðingu fyrir Polybium, bókmenntaráðgjafa, sem var vanur að ganga á milli ræðismannanna tveggja; en mest af öllum dáði hann Narcissus ritara sinn og bókhalдарann Pallas, en hann leyfði fúslega að jafnvel þeir væru heiðraðir með öldungaráðssamþykkt, ekki aðeins með miklum gjöfum, heldur líka með heiðursskrautklæðum questora og praetora; að auki leyfði hann þeim að öðlast svo mikið með gripdeildum, þannig að eitt sinn þegar hann kvartaði undan lágru upphæð í sjóðum sínum, var sagt á gamansaman hátt að hann hefði nóg á milli handanna ef tveir leysingjar tækju við honum í samstarf.

XXIX.

Eins og ég hef áður sagt¹¹² var Claudius undir stjórn þessara manna og eiginkvenna sinna, og lék hlutverk þræls fremur en keisara. Þeim til hagsbóta eða jafnvel vegna ákafa þeirra eða losta veitti hann heiðra í hernaði og náðanir frá refsingum. Samt hafði hann ekki vitneskju og var ekki kunnur um flesta hluti. En svo ég reki ekki hvert smáatriði fyrir sig nefni ég aðeins gjafir sem hann kallaði til baka, dóma hans sem felldir voru úr gildi og opinber bréf hans sem skipt var út fyrir önnur eða einfaldlega breytt. Hann lét drepa Appius Silanus tengdaföður sinn¹¹³ og Júlíurnar tvær, aðra dóttur Drususar, hina Germanicusar, vegna óljóss glæps og gaf þeim ekkert tækifæri á að verja sig. Sömu örlög hlutu Cn. Pompeius, eiginmaður elstu dóttur hans, og L. Silanus sem var lofaður þeirri yngstu. [2] Af þessum var Pompeius drepinn í faðmlögum ungs elskhuga síns en Silanus var neyddur til þess að segja af sér embætti praetors þann 29. desember¹¹⁴ og að binda enda á eigið líf í byrjun árs þann dag sem

¹¹⁰ Hernaðarverðlaun.

¹¹¹ Tvær eru þekktar: Drusilla, dóttir Júbu II. Makedóníukonungs og Cleopötru Selene og var því barnabarn Antoniusar og Cleopötru; önnur Drusilla, dóttir Herodesar Agrippu I.; aðeins á þessum stað er talað um þrjár eiginkonur af konungsætt.

¹¹² Kafli XXV.

¹¹³ Silanus var giftur móður Messallinu.

¹¹⁴ Árið 48. (lat. ante IIII Kal. Ian).

brúðkaup Claudiusar og Agrippínu var haldið. Hann dæmdi 35 öldungaráðsmenn til dauða og meira en 300 rómverska riddara af svo miklu hugsunarleysi að þegar hundraðshöfðingi tilkynnti að fyrrverandi ræðismaður hefði verið drepinn eins og hann hafði skipað, neitaði hann því að þetta hefði verið að hans skipan, en játaði engu að síður að vel hefði verið að verki staðið, þegar leysingjar hans staðfestu að hermennirnir hefðu sinnt skyldu sinni, þegar þeir tóku af skarið og hefndu keisarans að eigin frumkvæði. [3] En það getur verið hafið yfir allan trúverðugleika að fyrir hjónabandið sem Messallina gekk í með elskhuga sínum Siliusi, hafi Claudius verið tilneyddur til að skrifa sjálfur undir samning um heimanmund á þeim grundvelli að reynt væri að gera það viljandi til að afstýra og beina hættunni burt, sem honum var sýnd með ákveðnum fyrirboðum.

XXX.

Í útliti skorti Claudius hvorki áhrifavald né virðuleika, hvort sem hann stóð uppréttur eða sat, en þó sérstaklega þegar hann hvíldi sig; því hann var hávaxinn en þó ekki grannur, með fagurt andlit og hvítt hár, og digran háls; en þegar hann gekk var hann óstöðugur í hnjúnum og margir eiginleikar létu hann líta ósæmilega út, hvort sem hann var í hvíld eða á hreyfingu. Hlátur hans var óaðlaðandi, en þegar hann var reiður varð hann ógeðfelldari þar sem hann froðufelldi og það rann úr nösnum hans. Að auki stamaði hann þegar hann talaði og höfuðið hristist alltaf mjög mikið, sérstaklega þegar hann var að gera eitthvað, svo lítið sem það nú var.

XXXI.

Þó að hann hafi áður verið heilsuveill, var hann heilsuhraustur meðan hann var keisari, fyrir utan magakveisu. Vegna hennar þjáðist hann svo að hann sagðist hafa hugsað um að taka eigið líf.

XXXII.

Hann hélt matarveislur reglulega og voru þær veglegar og oftast á mjög stórum svæðum svo að nærri 600 gestir gátu samtímis tekið sér sæti. Hann hélt meira að segja veislur við bakka Fucinusarvatns og var næstum því druknaður þegar vatnið flæddi yfir þegar því var hleypt út í flýti. Til máltíðanna bauð hann bæði börnum sínum og

sonum og dætrum heiðursmanna, sem að gömlum sið borðuðu við enda sófans.¹¹⁵ Þegar gesti nokkrum, sem daginn áður var talinn hafa stolið gullbikar, var boðið aftur næsta dag, þá setti Claudius bikar úr leir fyrir framan hann. Hann er jafnvel sagður hafa hugleitt tilskipun, sem fæli í sér leyfi fyrir því að leysa vind í hljóði eða upphátt í veislu, þar sem hann hafði heyrt að maður nokkur hefði næstum dáið í sætinu við það að halda í sér út af skömm.

XXXIII.

Hann var mjög gráðugur í mat og drykk, hvar og hvenær sem var. Eitt sinn þegar hann var að flytja mál á torgi Augustusar fann hann angan af hádegismat, sem verið var að undirbúa fyrir Salíana¹¹⁶ í Marshofi sem var rétt hjá. Hann steig af ræðupalli, fór upp til prestanna og snæddi með þeim. Hann yfirgaf sjaldnast matstofuna nema að vera útbelgdur og kófdrukkinn og þá lagðist hann strax á bakið með opinn munninn og var fjöður stungið upp í kok hans til að létta á maganum.¹¹⁷ [2] Svefninn var mjög stuttur því hann vaknaði fyrir miðnætti en samt dottaði hann stundum þegar hann var fyrir rétti og vaknaði varla þegar lögmennirnir hækkuðu róminn af ásettu ráði. Hann var óhóflega lostafullur í garð kvenna en laðaðist á engan hátt til nokkurs karlmanns. Hann var mikið fyrir teningaspil, en um þá iðju gaf hann meira að segja út bók. Hann var líka vanur að spila þegar hann var borinn um og var leikborðið og vagninn sérhannaður svo að leikurinn yrði ekki fyrir hnjaski.

XXXIV.

Í eðli sínu var hann grimmur og blóðþyrstur og kom það í ljós í bæði stórum og mjög smávægilegum málum. Hann sá til þess að yfirheyrslur væru framkvæmdar með pyntingum og þeir sem myrtu náinn ættingja yrði refsað og það fyrir augliti hans. Þegar hann þráði að horfa á aftöku að fornum sið¹¹⁸ við Tibur¹¹⁹ og þó að sá dæmði hafi þegar verið bundinn við stöngina en böðulinn vantaði, þá heimtaði hann að bíða eftir því að einn væri sóttur frá Róm, jafnvel þó að komið væri fram á kvöld. Í keppni

¹¹⁵ Ungt fólk sat annaðhvort nálægt fótum foreldra sinna á sófum eða á stólum rétt hjá. Þó eru til heimildir um að þau hafi setið á sérborði, og því hlýtur Suetonius að tala um *more veteri*.

¹¹⁶ Prestar guðsins Mars og voru þeir 24 að tölu. Veislur þeirra voru alræmdar fyrir allsnægtir.

¹¹⁷ Aðgerð sem kallaði fram uppköst til að geta borðað meira. Hér virðist þó einungis verið að minnka óþægindin sem fylgdu ofátinu.

¹¹⁸ Refsingarnar voru taldar sérlega grimmar. Sá dæmði var festur nakinn við stöng, barinn og svo afhöfðaður með exi.

¹¹⁹ Bær í Latfúmhéraði, skammt frá höfuðborginni. Þangað fóru ríkir Rómverjar á sveitasetur sín. Í dag nefnist hann Tivoli.

skylmingaþræla, hvort sem það voru hans eigin eða annarra, skipaði hann að þeir sem höfðu hrasað af tilviljun yrðu skornir á háls, en sérstaklega þegar það voru möskvaþrælar svo hann gæti séð andlit þeirra þegar þeir væru að gefa upp öndina.¹²⁰

[2] Þegar tveir bardagamenn létust samtímis eftir högg frá hinum skipaði Claudius að búnir yrðu til handa sér litlir hnífar úr sverðum hvors um sig. Hann hafði svo miklar mætur á bardögum við villidýr og einnig þeim sem voru háðir um miðjan dag að hann flýtti sér til sýningarinnar í dagrenningu. Eftir að hafa sent fólkið til hádegisverðar sat hann áfram og auk bardagamanna lét hann menn úr tölu smiða, aðstoðarmanna og af þess konar stéttum berjast um léttvæg og ómerkileg tilefni, ef gangverk eða vinnupallur eða hlutir af því tagi virkuðu ekki eins og skyldi. Einnig henti hann einum úr tölu aðstoðarmanna sinna inn í hringleikahúsið eins og hann var, aðeins klæddur í tóga.

XXXV.

En hann var ekki síður tortrygginn og fullur ótta. Þó að á fyrstu dögum valdatíðar sinnar, eins og ég sagði áður, hafi hann stært sig af kurteislegri hegðun,¹²¹ þá þorði hann ekki að fara til máltíðar nema vera umkringdur vörðum vopnuðum spjótum og að hermenn biðu hans sem aðstoðarmenn. Ekki heimsótti hann heldur veikan mann nema búið væri að rannsaka herbergi hans áður og koddar og sængur væru skoðaðar vandlega og hristar. Að auki lét hann leita á þeim sem komu í snemmbúnar morgunheimsóknir og hlífði engum við ítarlegri skoðun. [2] Seint og um síðir, og treglega, hætti hann að láta misþyrma konum og ungum, frjálsbornum drengjum og stúlkum og blekbyttur og pennaskrín voru tekin af aðstoðarmanni og ritara sérhvers manns. Þegar Camillus hóf borgarastríð við hann, en hann var ekki í vafa um að honum gæti verið ógnað af öðrum ástæðum en stríði, skipaði hann honum að segja af sér með móðgandi, ógnandi og óheiðvirðu bréfi og að lifa iðjulausu lífi í einrúmi, en þá kallaði Claudius saman helstu frammámenn og spurði hvort hann ætti að fara eftir þessu.

XXXVI.

Hann óttaðist svo ýmiss konar tilhæfulausar samsærisraddir að hann reyndi að segja af sér. Þegar maður nokkur var tekinn með hníf í námunda við hann þegar hann var að

¹²⁰ Þeir börðust ekki með hjálma.

¹²¹ Kafli XII.

fórna, eins og ég sagði frá að ofan,¹²² kallaði hann öldungaráðið saman í flýti fyrir tilstilli kallara og af miklum og tregafullum harmi grét hann hlutskipti sitt, þar sem ekkert væri lengur öruggt fyrir hann, og lengi hélt hann sig frá opinberum stöðum. Einnig hélt hann aftur af hinni brennandi ást til Messallinu, ekki aðeins vegna óheiðvirðra gjörða hennar heldur af ótta við hættu, þar sem að hann trúði því að hún sæktist eftir valdastöðu fyrir Silanus, friðil sinn. Á þeirri stundu flýði hann skjálfandi á harmrænan hátt til herbúðanna og gerði ekkert alla leiðina nema spyrja hvort veldi sitt væri öruggt.

XXXVII.

Það var enginn orðrómur svo veigalítill, enginn upphafsmaður hans svo ómerkilegur, að hann veki ekki hjá honum óöryggi sem knúði hann til að vera á verði og hefna sín. Málsaðili nokkur kom til hans í morgunheimsókn, tók hann afsíðis og sagðist hafa dreymt að hann yrði drepinn af einhverjum; svo stuttu síðar, þóttist hann þekkja morðingjann og benti á andstæðing sinn þegar hann var að afhenda beiðni sína; og var þessi maður færður til refsingar í flýti, eins og hann hefði verið gripinn glóðvolgur.

[2] Sagt er að á sama hátt hafi Appius Silanus verið tekinn til að mæta örlögum sínum; þegar Messallina og Narcissus höfðu lagt á ráðin um að tortíma honum, skiptu þau með sér verkum þannig að Narcissus braust inn í svefnherbergi hans fyrir dögum og gerði sér upp undrun og sagðist hafa dreymt að Appius hefði ráðist gegn honum af ofbeldi. Messallina, sem einnig gerði sér upp undrun, sagði að sig hefði dreymt það sama nokkrar nætur í röð. Ekki löngu seinna, eins og ákveðið hafði verið, var tilkynnt að Appius væri að brjóta sér leið inn, en honum hafði verið skipað daginn áður að koma á þessum tíma, á þeim grundvelli að þetta staðfesti það sem kom fram í draumnum. Þá var strax skipað að hann yrði leiddur fyrir dóm og dæmdur til dauða. Claudius hikaði ekki við að rifja upp allt málið fyrir öldungaráðið næsta dag og þakka leysingja sínum fyrir að hafa staðið vörð um heill sína, jafnvel þegar hann var sofandi.

XXXVIII.

Hann var meðvitaður um tilhneingingu sína til reiði og ofsabræði og afsakaði hvort tveggja með opinberri tilkynningu. Hann greindi á milli þessara tilfinninga sinna og lofaði að hin fyrri myndi standa stutt yfir og væri meinlaus en ofsabræðin vaknaði

¹²² Kafli XIII.

ekki að ástæðulausu. Hann ávítti Ostfubúa harkalega fyrir það að hafa ekki sent báta til móts við sig þegar hann var að fara inn í Tíber, og hann var svo móðgaður að hann lýsti því yfir að þeir hefðu talið hann vera í tölu óbreyttra borgara. Skyndilega fyrirgaf hann þeim og baðst innilegrar afsökunar. [2] Hann bægði frá með eigin hendi hverjum þeim sem nálgudust hann opinberlega á óhentugum tíma. Að auki sendi hann ritara questora í útleð¹²³ sem og öldungaráðsmann í praetorsstétt án yfirheyrslna og jafnvel þó þeir væru saklausir. Sá fyrri hafði sótt mál gegn Claudiusi af frekar mikilli ósvífni þegar hann var ekki orðinn keisari, en sá síðari hafði þegar hann var aedíll, sektað leigjendur eigna hans þar sem þeir seldu eldaðan mat, en það braut í bága við lögin og þeir höfðu hýtt réttarþjóninn þegar hann áminnti þá um þetta. Og vegna þessa svipti hann aedíllana stjórnun yfir matkránum. [3] Ekki þagði hann einu sinni yfir sinni eigin heimsku en opinberaði þó að hann hefði gert sér hana upp af ásettu ráði í stjórn Gaiusar, því annars hefði hann ekki lifað af og komist í núverandi stöðu. En hann sannfærði engan og innan skamms var gefin út bók, en titill hennar var *Upphafning flónanna*,¹²⁴ og var viðfangsefni hennar að enginn gerði sér upp heimsku.

XXXIX.

Menn hafa sérstaklega dáðst að gleymsku hans og ónærgætni, eða eins og Grikkir segja: *μετεωρίαν* og *ἀβλεψίαν*.¹²⁵ Eftir að Messalina var tekin af lífi, spurði hann, eftir að hann lagðist á legubekkinn, af hverju frúin kæmi ekki. Hann skipaði að mörgum af þeim, sem hann hafði dæmt til dauða, yrði safnað saman strax næsta dag til ráðagerða eða til teningaspils, og ef þeir töfðust, sendi hann sendiboða til að kalla þá svefnpurkur. [2] Þegar hann ætlaði að giftast Agrippinu, sem stangaðist algjörlega á við öll lög, sleppti hann því ekki í öllum ræðum sínum að kalla hana dóttur sína og fósturdóttur og að hún hafi verið fædd og uppalin í kjöltu hans. Þegar hann ætlaði að ættleiða Nero, eins og það væri ekki nógu slæmt að hann væri að ættleiða stjúpson sinn þar sem hann átti nú þegar son sem hafði komist á legg,¹²⁶ þá gaf hann aftur og aftur út þau boð að enginn hefði nokkru sinni verið ættleiddur inní claudísku ættina.

¹²³ *Relegatio* var vægasta tegund útleðar, en útlaginn hélt ennþá borgaralegum réttindum sínum og var ekki sviptur eignum sínum.

¹²⁴ Þýðing á gr. *Μωρῶν ἐπανάστασις*.

¹²⁵ Gríska orðið *μετεωρία* er þýtt á latínu sem *oblivio* og merkir að vera utan við sig og gleyminn. Gr. *ἀβλεψία* þýðir sjónleysi eða blinda.

¹²⁶ Þessi fullyrðing er röng þar sem Britannicus var aðeins 9 ára þegar þetta atvik átti sér stað.

XL.

Í raun sýndi hann oft svo mikið gáleysi í orði og gjörðum að hægt væri að telja að hann hvorki vissi né hugsaði um við hvern eða meðal hverra, eða hvar og hvenær hann lagði orð í belg. Þegar rætt var um slátrara eða vínkaupmenn, hrópaði hann í ráðhúsinu: „Hver getur lifað án smárétta, ég bara spyr?“ og hélt áfram að lýsa mörgum gömlum krám þar sem hann sjálfur hafði verið vanur að kaupa vín á árum áður. [2] Meðal ástæðna stuðnings síns við mann nokkurn sem var að bjóða sig fram í stöðu quaestors gaf hann þá ástæðu að faðir mannsins hafði eitt sinn gefið honum kalt vatn þegar hann þarfnaðist þess. Eitt sinn þegar vitni hafði verið leitt í öldungaráðið sagði hann: „Þessi kona var leysingi og hárgreiðslukona móður minnar en leit ætíð á mig sem velunnara sinn; ég minnst á þetta, þar sem enn eru í húsi mínu menn sem álíta mig ekki velunnara sinn.“ [3] En þegar íbúar Ostiu lögðu fyrir hann opinbera beiðni varð Claudius æfur á ræðupallinum og sagði að hann hefði enga ástæðu til að gera þeim greiða; hann væri frjáls rétt eins og hver annar. Því á hverjum degi og næstum allar stundir og hverja mínútu sagði hann eitthvað í líkingu við þetta: „Ha, sýnist þér ég vera Telegenius?“¹²⁷ og „Talaðu, en ekki snerta!“¹²⁸ og margt svipað sem væri svo lágkúrulegt jafnvel hjá óbreyttum borgurum, hvað þá hjá keisara sem var bæði mælskur og lærður og mjög hneigður til frjálsra lista.

XLI.

Að hvatningu Liviusar¹²⁹ og með aðstoð Sulpiciusar Flavusar.¹³⁰ hóf hann að skrifa á unglingsárum sínum sagnfræðirit. Þegar hann í fyrsta skipti las upp fyrir stóran áhorfendaskara, átti hann erfitt með að lesa í gegn og missti oft sjálfur þráðinn. Því í upphafi lestursins upphófust mikil hlátrasköll, þar sem of feitur maður hafði orðið þess valdandi að þó nokkrir bekkir brotnuðu. Þegar mannfjöldinn var sestur aftur gat hann ekki haldið aftur af sér þegar hann minntist atviksins og hóf að hlæja á ný.

[2] Jafnvel þegar hann var í valdastöðu sinni skrifaði hann mikið og las oft upp með hjálp lesara. Í upphafskafli sagði hann frá tíma eftir morðið á einvaldinum Caesari en hélt áfram til seinni tíma og byrjaði eftir borgarastríðið þar sem hann skynjaði að hann

¹²⁷ Líklega maður sem var þekktur fyrir heimsku sína en ekki er vitað meira um hann.

¹²⁸ Þýðing á gr. *λάλει και μη θίγγανε*. Hér er átt við að hægt sé að segja hvað sem er en ekki má reyna að særa hann.

¹²⁹ Sagnaritarinn þekkti Titus Livius (59 f. Kr.- 17)

¹³⁰ Ekki er ljóst hver þetta var en það gæti verið sá Sulpicius sem nefndur er í kafla IV.5. Þó gæti verið að hann hafi verið virtari maður þar sem hann er nefndur í sömu setningu og Livius. Suetonius talar um hann eins og hann sé lesendum kunnur.

hefði ekki frelsi til að segja frá fyrri tímum á opinskáan eða raunsæjan hátt, þar sem móðir hans og amma leiðréttu hann stöðugt. Um fyrra efnið skildi hann eftir sig tvær bækur, en 41 af því seinna. [3] Einnig samdi hann sjálfsævisögu í átta bindum sem var fremur viðvaningslega samín en að hún væri illa unnin. Að auki skrifaði hann *Vörn Ciceros gegn bókum Asiniusar Gallusar*¹³¹ sem var mjög vandað verk. Hann fann líka upp á þremur nýjum bókstöfum¹³² og bætti þeim við hið gamla stafróf eins og þeir væru nánast ómissandi. Hann gaf út rit um notkun þeirra þegar hann var ennþá óbreyttur borgari og þegar hann varð svo síðar keisari sá hann til þess án nokkurrar andstöðu að þeir yrðu notaðir og yrðu algengir. Slíkur ritháttur sést enn í fjölmörgum bókum og opinberum skráum og á áletrunum bygginga.

XLII.

Ekki lagði hann minni stund á grísk fræði og tjáði ást sína á tungumálinu og yfirburðum þess við öll tækifæri. Við útlending sem kunni að mæla bæði á grísku og latínu sagði hann: „Þar sem þú ert fær um að tala báðar tungur okkar...“. Og þegar hann lofsamaði Achaiu¹³³ við öldungaráðsmenn sagði hann að skattlandið væri honum kært af því þau deildu sömu menningu; og oft svaraði hann sendimönnum í öldungaráðinu með almennri ræðu.¹³⁴ Einnig vitnaði hann oft fyrir rétti í ljóðlínur Hómers. Í hvert skipti sem hann dæmdi óvin eða samsærismann, gaf hann varðmanni þetta svar þegar hann spurði um hið hefðbundna aðgangsorð:

„Verjist þeim manni sem veitir árás að fyrra bragði.“¹³⁵

[2] Til viðbótar skrifaði hann sögur á grísku, tuttugu um sögu Etrúra og átta um Karþagó. Vegna þessara bóka var bætt við í gamla safnið í Alexandríu nýju safni sem var nefnt eftir honum og var því komið á fót að árlega og á ákveðnum dögum skyldi

¹³¹ Þetta gæti annaðhvort hafa verið titill verksins eða einfaldlega bara lýsing á honum. C. Asinius Gallus, sonur ræðumannsins Asiniusar Pollio og faðir Asiniusar Gallusar sem hugði á launráð gegn Cicero, skrifaði ritið *De comparatione patris et Ciceronis* en þar var dregin upp betri mynd af föður hans heldur en Cicero. Hann sjálfur var ræðumaður og Suetonius hafði hann með í *De oratoribus*.

¹³² Þetta voru bókstafirnir Γ, Ϟ, ϟ, (sonus medius) en hann var stuttur sérhljóði sem síðar varð latneskt jafngildi hins gríska *upsilons* (Υ). Táknaði hljóðið á milli *u* og *i* á undan varahljóðum t.d. í *maximus*, *maximus* o.s.frv.; Ϟ (digamma inversum) sem táknaði samhljóðann V; ϟ (*antisigma*) sem líklega hefur verið samhljóðinn *bs* til aðgreiningar frá *ps*. Gæti líka hafa verið útgáfa af hinu gríska *chi* (Χ).

¹³³ Hið gríska skattland.

¹³⁴ Þ.e. á grísku.

¹³⁵ Þýðing Sveinbjarnar Egilssonar á gr. *ἄνδρ' ἀπαμύνασθαι, ὅτε τις πρότερος χαλεπήνη*. Þessi lína kemur fyrir í Illíonskviðu (24.369) og Ódysseifskviðu (21.133).

lesin saga Etrúra sem og saga Karþagó. Þær ættu að vera lesnar upp af fólki sem skiptist á, eins og það væri verið að lesa upp á opinberum vettvangi.

XLIII.

Undir lok ævi sinnar hafði hann sýnt augljós merki eftirsjár vegna hjónabandsins við Agrippinu og ættleiðingar Neros. Þegar leysingjar höfðu minnst á og hrósað máli þar sem hann hafði dæmt konu daginn áður fyrir hórdóm, þá lýsti hann því yfir að það hefðu verið örlög hans að hafa kvænst konum sem voru óhreinflífar og ekki refsað fyrir það; og um leið og hann hafði hitt Britannicus, faðmaði hann hann að sér og skipaði honum að þroskast og hlusta á útskýringar á öllum hans gjörðum og bætti auk þess við á grísku: „Sá sem særði mun lækna sárið.“¹³⁶ Þegar hann ætlaði að gefa honum fullorðinstóga þar sem hann var orðinn nógu hávaxinn, þó hann væri ennþá ungur og óharðnaður, bætti hann við: „Svo að hinn rómverski lýður eignist brátt alvöru Caesar.“

XLIV.

Ekki löngu síðar skrifaði hann erfðaskrá sína og innsiglaði hana með innsiglum allra æðstu embættismanna. En áður en hann gat haldið áfram, var hann hindraður af Agrippinu, en hún var sökuð um marga glæpi sem ekki aðeins samviskan kom upp um heldur einnig uppljóstrarar. [2] Því er almennt trúað að eitrið hafi verið fyrir Claudiusi en það leikur vafi á hvar og af hverjum. Sumir segja að það hafi verið bragðarinn hans, geldingurinn Halotus þegar Claudius var að gera sér glaðan dag á Capitolhæð¹³⁷ ásamt prestunum; aðrir að sjálf Agrippina hafi fært honum eitrið í ætisveppum, en það var réttur sem hann var mjög hrifinn af, í matarboði heima hjá þeim. Einnig ber sögum ekki saman um það sem á eftir fór. [3] Margir segja að hann hafi misst málið strax eftir að hann innbyrði eitrið og hafi dáið í dagrenningu eftir að hafa þjáðst af heiftarlegum verkjum alla nóttina. Sumir segja að hann hafi fyrst fallið í dá, síðan hafi hann ælt öllu upp úr útblagdum maganum, og hafi svo verið gefið eitrið aftur, óvíst er hvort það hafi verið í hafraseyði, undir því yfirskini að honum ætti að vera gefinn matur aftur eftir að hafa örmagnast; eða því hafi verið dælt inn til að létta á maganum þar sem hann væri uppþembdur.

¹³⁶ Þýðing á gr. *ὁ τρόσας ἰάσεται*. Alkunnur málsháttur en hann kemur frá sögunni um Telephus, konung í Mysiu, sem var særður af Akkilesi í Trójustríðinu. Véfréttin sagði honum þá að hann myndi aðeins lækna af þeim sem væri ábyrgur þannig að Akkiles bar ryð af spjóti sínu á sárið.

¹³⁷ Á þeim hluta hæðarinnar þar sem hof Júnóar var staðsett.

XLV.

Dauða hans var haldið leyndum uns búið var að undirbúa allt varðandi eftirmann hans. Þess vegna voru fórnir færðar fyrir heilsu hans eins og hann væri enn þá veikur og voru gamanleikarar leiddir inn til hans undir fölsku yfirskini, sem skemmtu eins og hann væri að óska eftir því. Claudius lést á þriðja degi fyrir Ides í október í ræðismannstíð Asiniusar Marcellusar og Aciliusar Aviola, á sínu 64. aldursári og á 14. ári valdatíðar sinnar.¹³⁸ Hann var lagður til grafar við konunglega jarðarför og tekinn í tölu guðanna; en þann heiður vanrækti Nero og lagði niður að lokum en Vespasianus tók þann sið upp aftur.

XLVI.

Fyrirboðar dauða höfðu aðallega verið þessir: síðhærð stjarna, sem kallast halastjarna birtist á himni; minnisvarði Drususar föður hans varð fyrir eldingu; og þetta sama ár létust margir úr röðum ráðamanna með mismunandi hætti. En þó virtist hann sjálfur ekki hafa verið ómeðvitaður um síðustu stundir lífs síns og ekki haldið þeirri vitneskju leyndri eins og sést á eftirfarandi dæmum. Því þegar hann útnefndi ræðismenn, skipaði hann engan fram yfir mánuðinn sem hann lést og á síðasta öldungaráðsfundi sem hann var viðstaddur hvatti hann börn sín til að lifa í sátt, og með tár í vöngum fól hann þingmönnum umsjá yfir æsku þeirra. Á síðasta fundi sínum í dómssalnum tilkynnti hann oft en einu sinni, þó að þeir sem heyrðu hafi óskað þess að hægt hefði verið að vísa þessum fyrirboðum á bug, að hann væri kominn að endalokum hins dauðlega lífs.

¹³⁸ 13. október 54.

Heimildaskrá

- Barrett, Anthony. A. *Agrippina: Sex, Power and Politics in the Early Empire*. (New Haven, CT : Yale University Press, 1996).
- Conte, Gianbiagio. *Latin literature: A History*. Joseph B. Solodow (þýð). (Baltimore : Johns Hopkins University Press, 1999).
- Edwards, Catharine. (ritstj. og þýð.) *Suetonius: Lives of the Caesars*. (Oxford: Oxford University Press, 2000).
- Freese, J. H. (ritstj.) „Introduction“ *Suetonius: History of Twelve Caesars*. (London ; New York : Routledge, 1930): x-xiv.
- Grube, G. M. A. *The Greek and Roman Critics*. (London: Methuen & co. Ltd., 1965).
- Hurley, Donna W. (ritstj.) *Suetonius: Divus Claudius*. (Cambridge: Cambridge University Press, 2001).
- Townend, G. B. „Suetonius and his Influence“ hjá Dorey, T. A. (ritstj.) *Latin Biography*. (London: Routledge & Kegan Paul, 1967): 79-111.
- Rolfe, J. C. (þýð.) *Suetonius*. 4. útg. 1. bindi. Loeb Classical Library. (London: William Heinemann ltd., 1935): ix-xxv.
- Rolfe, J. C. (þýð.) *Suetonius*. 6. útg. 2. bindi. Loeb Classical Library. (London: William Heinemann ltd., 1935).